# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

227. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. SEPTEMBER 2017




Hvað þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins pískruðu um í gær skal ósagt látið. Hitt er víst að Sjálfstæðiskonunni Bryndísi Haraldsdóttur og Framsóknarmanninum Gunnari Braga Sveinssyni lá mikið á hjarta þegar ljósmyndari leit inn í þingsalinn. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Lilja Alfreðsdóttir hlustuðu á með athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samið um að tvö mál kæmust í gegn

**Hart var tekist á á Alþingi á síðasta þingfundi fyrir kosningar. Ekki tókst að afgreiða frumvörp félags- og jafnréttismálaráðherra um þjónustu við fatlað fólk. Aðeins tvö lagafrumvörp voru á dagskránni og fengu efnislega meðferð. Fundað var langt fram eftir.**

**ALÞINGI** Fundað var langt fram eftir á síðasta þingdegi þessa kjörtímabils. Talsverður hiti var í þingmönnum.

Samkomulag hafði náðst um að afgreiða breytingar á útlendingalögum og að fella ákvæði um uppreist æru úr hegningarlögum. Mögulegt var að frumvörp félags- og jafnréttismálaráðherra um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og félagsþjónustu sveitarfélaga næðu fram að ganga en á fundi velferðarnefndar var ákveðið að málið þyrfti lengri þinglega meðferð.

„Nefndin taldi sig þurfa lengri tíma en gefinn var samkvæmt samkomulagi formanna. Það sem út af stendur er fjármögnun málanna,“ segir Þorsteinn Víglundsson, ráðherra málaflokksins.

Þingfundur hófst á umræðum um dagskrárbreytingartillögu Pírata sem vildu koma að tímabundnum breytingum á breytingaákvæði stjórnarskrárinnar. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Þrátt fyrir að samkomulag hafi náðst um að hleypa áðurnefndum frumvörpum í gegn tókust þingmenn hart á um þau. Mörgum þingmönnum þótti meðal annars of stutt skref stigið varðandi afnám uppreistar æru og of stórt lagalegt tómarúm skapast með afgreiðslu frumvarpsins. Mörgum lögum þyrfti að breyta strax þegar nýtt þing kæmi saman. Einnig var deilt um breytingar á útlendingalögum sem breyta ákvæðum um málsmeðferðartíma og kemur til með að gagnast fjölskyldum sem nú þegar eiga mál í kerfinu.

Að fyrstu umræðu lokinni var þingfundi frestað og málin send til fastanefnda. Fyrirhugað var að þeim fundum lyki klukkan níu en þeir drógust á langinn. Þingfundi var áfram frestað fram eftir kvöldi og höfðu engin mál orðið að lögum þegar Fréttablaðið fór í prentun. **– jóe /** **sjá síðu 6**

## Sex fara frá SI

**ATVINNA** Sex starfsmenn fara frá Samtökum iðnaðarins í tengslum við skipulagsbreytingar. „Það eru ekki uppsagnir í öllum tilfellum heldur er í sumum tilfellum samið um starfslok eða annað þvíumlíkt,“ segir Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri.

„Þetta endurspeglar áherslubreytingar sem eru að verða á starfsemi okkar. Við fylgjum þeim eftir með breytingum á skipulagi, með starfsmannabreytingum og öðrum breytingum til þess að geta veitt félagsmönnum okkar enn betri þjónustu og ná enn meiri árangri en áður.“ **– jhh**



Sigurður Hannesson

## Vogunarsjóður bætir við sig í Arion banka

**MARKAÐURINN** Vogunarsjóðurinn Attestor Capital hefur bætt við sig tæplega hálfs prósents eignarhlut í Arion banka fyrir rúmlega 800 milljónir en seljandi bréfanna var Kaupþing.

Sjóðurinn nýtti sér lítinn hluta kaupréttar sem hann átti í bankanum en eftir kaupin á Attestor rúmlega 10,4 prósenta hlut í Arion banka.

Samkvæmt heimildum Markaðarins voru kaupin gerð í því skyni að vogunarsjóðurinn og Goldman Sachs, sem fara nú með atkvæðarétt í Arion banka, ættu í sameiningu lítillega stærri hlut í bankanum en sem nemur 13 prósenta hlut Bankasýslu ríkisins í Arion banka. **– hae /** **sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bjarni Benediktsson skrifar um stöðugleika. 10

**SPORT** Moskvumenn bíða eftir því að fá Manchester United í heimsókn. 12

**TÍMAMÓT** Er arðbært að starfa í tónlistarbransanum? 26

**LÍFIÐ** Vefsíða Reykjavík Fashion Festival keppir við vefsíðu breska Vogue um Lovie-verðlaun. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- SKRIFSTOFAN




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Það er útlit fyrir óvenju mikla rigningu á Suðausturlandi og Austfjörðum þangað til síðdegis í dag. Þessu fylgir allhvöss suðaustanátt, vestanvert landið sleppur við vindinn. Þurrast verður á Norðausturlandi og þar verður jafnframt hlýjast, eða 16 stig þegar best lætur. SJÁ SÍÐU 16

# Söng gömlu lögin á Dillon



„Stál og hnífur er merkið mitt,“ gæti Bubbi Morthens verið að syngja. Hann spilaði gömlu lögin sín á öldurhúsinu Dillon í gær við góðar undirtektir viðstaddra. Bubbi er með röð tónleika á veitingastaðnum í vetur, en þeir næstu fara fram 24. október og 14. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

## Staðarfell sett á sölu

**VIÐSKIPTI** Húseignirnar að Staðarfelli á Fellsströnd, sem hýst hafa starfsemi SÁÁ undanfarna áratugi, hafa verið settar á sölu.

Það eru samtals fimm byggingar sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980. Þar er um að ræða 750 fermetra skólabyggingu frá 1912, íbúðarhús með þremur íbúðum frá 1969, íbúðarhús með tveimur íbúðum frá 1971, véla- og verkfærageymslu frá 1955 og geymsluhúsnæði með kæligeymslu og þurrksvæði frá 1948.

Ríkiskaup óskuðu eftir tilboðum í eignirnar en tilboðsfrestur hefur verið auglýstur til 9. október. **– jhh**

## Konur fá loks að taka bílpróf í Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA** Sádiarabískar konur munu frá og með júní á næsta ári geta tekið bílpróf og fengið leyfi til að aka bifreið. Þetta felst í konunglegri tilskipun sem kunngjörð var í gær í beinni útsendingu í ríkissjónvarpi landsins.

Sádi-Arabía hefur lengi verið eina landið í veröldinni þar sem konum hefur verið meinað að aka bíl. Bannið hefur löngum þótt hið vandræðalegasta fyrir stjórnvöld og þótt skaða ímynd landsins.

Markmiðið er þó ekki eingöngu að bæta ímyndina heldur einnig efnahag landsins. Stjórnvöld hafa hvatt konur til að fara meira út á atvinnumarkaðinn. Kostnaðurinn sem hlýst af því að ráða einkabílstjóra hefur hingað til virkað letjandi. Breytingarnar eiga að bæta það ástand. **– jóe**

## Röng frétt af andláti

**NOREGUR** Fréttastofan Norsk Telegrambyrå (NTB) sendi fyrir mistök fréttaskeyti á alla helstu fjölmiðla Noregs þess efnis að Haraldur Noregskonungur væri látinn. Þremur mínútum seinna var fréttaskeytið dregið til baka.

„Sorg ríkir í Noregi. Haraldur fimmti Noregskonungur er látinn, xx að aldri. Konungurinn lést xxxx (dagur/dagsetning) (á heimili, spítala eða þvíumlíkt) kl. xxx.“

Svo hljóðaði fréttaskeytið en NTB þjónustar allar helstu fréttastofur Noregs. Skeytið var sent til fjölmiðla klukkan 12.06 að norskum tíma en þremur mínútum síðar barst nýtt skeyti þar sem fregnir af andláti Noregskonungs voru dregnar til baka.

„Þetta voru mistök og auðvitað átti þetta ekki að birtast,“ segir Ole Bjellaanes, ritstjóri NTB **– tpt**




# Fengu leyfi til að gefa hryssu nafnið Mósan

**Hryssan Mósan fær að heita því nafni en Guðrún Hrafnsdóttir, hrossabóndi á Skeggsstöðum og eigandi hryssunnar, fékk staðfestingu á því á mánudagskvöld. Hestanafnanefnd WorldFeng hafði áður hafnað nafninu á þeirri forsendu að það væri með greini.**

**SAMFÉLAG** Guðrún Hrafnsdóttir, hrossabóndi á Skeggsstöðum og eigandi hryssunnar Mósunnar, fékk ánægjulegt símtal seint á mánudagskvöld. Þar var henni tjáð að búið væri að fara yfir nafnareglur WorldFeng og að ekki væri meiningin að banna nöfn með greini. Mósan er því komin inn í gagnabankann og gekk Guðrún frá pappírunum í gær.

„Það var hringt í mig og mér tjáð að það ætti að leyfa allt íslenskt, jafnvel þótt það væri með greini. Það á að taka strangt á erlendum nöfnum og sum þurfa að fara í skoðun hjá nefndinni en það á að leyfa nöfn með greini,“ segir Guðrún sem var eðlilega kát og glöð með málalyktir.

Hún segist alveg hafa verið tilbúin að fara með málið lengra og halda uppi vörnum til að geta kallað hryssuna áfram Mósuna. Frétt Fréttablaðsins seint í ágúst vakti mikla athygli, ekki aðeins hér á Íslandi heldur út fyrir landsteinana. Þannig fjallaði BBC meðal annars um málið og útvarpsarmur fjölmiðlarisans CBC frá Kanada tók málið upp á sína arma.

Nafninu Mósan var hafnað með þeim rökum að nöfn með greini brytu í bága við íslenska nafnahefð og að sérnöfn væru nokkurs konar jafngildi orða með greini. Hestanafnanefndin, sem tveir aðilar sitja í, var sett á laggirnar af illri nauðsyn. Nánast allir hestaeigendur nefndu hrossin sín góðum og gildum íslenskum nöfnum en ekki allir. Sumir gáfu íslenskum hrossum klúr nöfn og með ruddalegri merkingu og því var ákveðið að grípa inn í.

„Ég er sátt og bakka bara út úr öllu enda fullnaðarsigur,“ segir Guðrún hress og kát sem fyrr.

benediktboas@365.is



**Hryssan Mósan gengur hér í forustu með öðrum hrossum frá Skeggsstöðum. Hún er þriggja vetra, móálótt að lit.** MYND/SKEGGSSTAÐIR

» Fréttir af baráttu fyrir nafni hryssunnar vöktu heimsathygli.

### Geta breytt nafni þangað til hross er sýnt

Hestaeigendur geta skráð nafn á hross sín í WorldFeng. Nafni á hrossi er hægt að breyta þangað til hrossið hefur verið sýnt í kynbótadómi eða tekið þátt í keppni sem er skráð í WorldFeng. Þá er ekki hægt að breyta nafni eftir að hrossið hefur eignast skráð afkvæmi. Hestaeigendur geta haft nafnabanka WorldFeng til viðmiðunar við nafngjöf, en vilji þeir nefna hrossið öðru nafni er hægt að sækja um leyfi fyrir því. Sé nafnið samþykkt er því bætt í nafnabankann.




**Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:**
GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómlisti á afturhlera, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Bálreiður bóndi segir afurðastöðvar halda bændum í hengingaról

**LANDBÚNAÐUR** Afurðastöðvarnar halda bændum í hengingaról, segir bálreiður bóndi á Norðurlandi sem sér fram á að fá 830 þúsund krónum minna fyrir 260 lömb í ár en í fyrra.

Mikil ólga er meðal bænda vegna kjaraskerðingar sem þeir verða fyrir vegna ákvörðunar afurðastöðva um að lækka greiðslur til bænda um 35 prósent frá árinu í fyrra þegar lækkunin nam þó rúmum 10 prósentum.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 á mánudag að það stefndi í gjaldþrotahrinu og byggðahrun þar sem tekjur bænda í Dalabyggð hefðu hrunið um 160 milljónir á tveimur árum. Þar tók hann sem dæmi að frá afurðastöð fái hann í dag 360 krónur fyrir kílóið og 550 krónur frá ríkinu í gegnum búvörusamning. Upp á vanti 290 krónur til að mæta 1.200 króna framleiðslukostnaði við hvert kíló lambakjöts. Bændur standi frammi fyrir því að vera tekjulausir í ár.

Eyjólfur Ingvi óttast að upplausn í stjórnmálum komi í veg fyrir nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við ófremdarástandi. Ástandið er víða slæmt.


Sauðfjárbændur eru verulega uggandi yfir framtíð sinni FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bóndi á Norðurlandi sem Fréttablaðið ræddi við baðst undan því að koma fram undir nafni af ótta við að verða úthýst hjá afurðastöðvum. Segir hann ótta bænda við að stíga fram og gagnrýna núverandi fyrirkomulag til marks um það kverkatak sem stöðvarnar hafi á stéttinni, sem eigi allt sitt undir að geta slátrað hjá þeim. Stöðvarnar hafi keyrt niður verðið á fölskum forsendum.

„Ég slátraði 260 lömbum fyrir ári síðan, haustið 2016. Ég geri ráð fyrir að slátra sama fjölda núna og ég er búinn að slátra um helmingnum og fá skrá yfir verðgildi þess sem ég er búinn að slátra. Samkvæmt útreikningum mínum fæ ég 830 þúsund krónum minna fyrir þessi 260 lömb í ár en í fyrra en þá var þó 10 prósenta skerðing.“ Hann segir muna um minna hjá sauðfjárbændum.

„Þetta er eiginlega bara svakalegt.“ **– smj**

## Finnar leyfa sölu skordýra til manneldis

**FINNLAND** Finnsk yfirvöld hafa nú fetað í fótspor danskra yfirvalda og leyfa ræktun skordýra til manneldis og sölu á þeim. Í Svíþjóð er þrýstingur á matvælastofnunina þar í landi að leyfa slíkt hið sama. Sænsk fyrirtæki eru hrædd um að missa af lestinni ef matvælastofnunin fer ekki að túlka reglurnar eins og grannlöndin.

Frá og með 2018 verður bannað að selja og rækta skordýr nema framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi samþykkt framleiðsluna. Í þeim löndum þar sem þetta er þegar leyft þarf ekki að sækja um leyfi fyrr en árið 2020. **– ibs**

## Býst við mjúkri lendingu

**EFNAHAGSMÁL** Útlit er fyrir að hagvöxtur á þessu ári verði 4,5 prósent, að mati Íslandsbanka. Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur bankans, kynnti hagvaxtarspá bankans í gær. Vöxturinn í fyrra var 7,4 prósent en á næsta ári er gert ráð fyrir að hann verði 2,8 prósent.

Íslandsbanki telur aukin umsvif heimilanna verði helsti burðarás vaxtar á spátímanum. Einkaneysla og íbúðafjárfesting taki þar við af þjónustuútflutningi og fjárfestingu atvinnuvega.

Íslandsbanki telur allgóðar líkur á að hin margumtalaða en sjaldséða mjúka lending muni einkenna lok yfirstandandi hagsveiflu á Íslandi í þetta skiptið. **– jhh**


**Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka**

# Uppsafnaður úrgangur frá laxeldi fækkar botndýrum

**Laxeldi Arnarlax við Hlaðseyri í Patreksfirði hefur verið slegið af og fiskur verður ekki settur í kvíarnar. Uppsafnaður lífrænn úrgangur mikill og flyst með straumum inn fjörðinn. Botndýralíf er fátækara inni í firðinum og við kvíar sökum lífræns úrgangs. Búið er að slátra fiski úr kvíunum og þær verða fluttar annað.**

**UMHVERFISMÁL** Botndýralíf í Patreksfirði hefur tekið miklum breytingum vegna uppsafnaðs lífræns úrgangs frá laxeldi við Hlaðseyri. Sýnatökur síðastliðinn vetur benda til mikillar uppsöfnunar lífræns úrgangs sem berst síðan með straumum inn fjörðinn. Brennisteinsfnykur var af þeim setlögum sem rannsökuð voru. Um 3.500 tonn voru í kvíunum þegar mest var. Arnarlax ætlar að færa kvíarnar annað.

Arnarlax óskaði eftir botnsýnatöku við Hlaðseyri í Patreksfirði á síðasta ári og vann Náttúrustofa Vestfjarða rannsóknina. Fyrirtækið var að reyna að fá alþjóðlega ASC-vottun sem er vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi í sjó. Fyrirtækið stóðst ekki kröfur staðalsins. Svæðið sem kannað var samanstóð af tíu kvíum, samtals rúmum fimm hundruð metrum í þvermál.

Í niðurstöðum sýnatökunnar segir að dreifing lífræns úrgangs hafi ekki verið jöfn umhverfis kvíarnar og að brennisteinslykt hafi verið af setlögum sem tekin voru upp úr sjó. Brennisteinslykt gefur til kynna uppsöfnun lífræns úrgangs við kvíarnar og umhverfis þær.

Einnig kemur fram að straumur virtist flytja lífrænan úrgang inn fjörðinn í stað þess að ýta honum út fjörðinn. Ef áfram heldur sem horfir mun lífrænn úrgangur safnast saman innar í Patreksfirði og valda frekari mengun þar.

Einnig kom fram mikil einsleitni í botndýraflóru við sumar kvíar og innst í firðinum. „Þegar botndýrasamfélög í þessari athugun eru borin saman við þau sem fundust við athuganir sem gerðar voru áður en fiskeldi byrjaði sést að margar tegundir finnast ekki lengur á fiskeldissvæðinu,“ segir í skýrslunni. „Þetta staðfestir niðurstöður hvíldarsýnatöku sem bentu til að svæðið hefði ekki fengið nógan tíma til að jafna sig eftir síðasta eldistímabil.“


**Gífurleg uppbygging hefur orðið á sunnanverðum Vestfjörðum vegna laxeldis.** FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON

> **Við erum búin að slátra úr kvíunum og munum svo setja kvíarnar annað.**
>
> Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax

Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax, segir það á hreinu að Arnarlax muni ekki setja út fisk aftur á þessum stað. Kvíarnar verði færðar. „Við erum búin að slátra úr kvíunum og munum svo setja kvíarnar annað. Þessi staðsetning uppfyllir ekki þau skilyrði sem við setjum umhverfinu okkar,“ segir Kristian. **sveinn@frettabladid.is**




# Ekkert byggt utan höfuðborgarsvæðis

**HÚSNÆÐISMÁL** Áttatíu prósent alls nýs íbúðarhúsnæðis frá hruni fjármálakerfisins árið 2008 hafa verið byggð á höfuðborgarsvæðinu. Algjört frost hefur verið í byggingu nýrra íbúða utan stórhöfuðborgarsvæðisins ef Akureyri er frátalin. Á sama tíma segjast sveitarstjórnarmenn finna fyrir áhuga fólks á að flytja í landsbyggðirnar en húsnæði skortir.

Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi Íbúðalánasjóðs um húsnæðismál í landsbyggðunum sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri. Þar kom fram að húsnæðisskortur væri mjög mikill fjarri höfuðborginni í hinum dreifðu byggðum landsins en lítið sem ekkert framboð væri af húsnæði.

„Það er skortur á húsnæði hjá okkur í Húnaþingi vestra,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri. „Það gengur til að mynda erfiðlega að manna starfsfólk í okkar sveitarfélagi. Fólk vill koma og vinna í sveitarfélaginu og vinnu er að hafa. Hins vegar getur það ekki komið því það er skortur á húsnæði. Okkar vandi er síður en svo einsdæmi.“


**Húsnæðisskortur er ekki einungis vandamál á höfuðborgarsvæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Illugi Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar**

Sveitarfélög landsins vinna nú að húsnæðisáætlun sem mun hjálpa Íbúðalánasjóði mjög við greiningu á vandanum. Húsnæðisþing sveitarfélaganna er áformað um miðjan næsta mánuð þar sem sveitarfélög munu ráða ráðum sínum.

Illugi Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, segir tækifæri fyrir stofnunina og Íbúðalánasjóð að vinna nánar saman að kortlagningu málaflokksins í heild og skoða landið svæðaskipt. Vandi svæða sé mismunandi eftir staðsetningu og því þurfi að afla frekari gagna til að geta áttað sig betur á þessum mikla húsnæðisvanda í landsbyggðunum. **– sa**


Peysa
3.495 kr.
HÁTÍÐAROPNUN Í KRINGLUNNI Á MORGUN KL. 11:00
Fyrstu þrír gestirnir fá risastór gjafabréf að andvirði 25.000 kr., 20.000 kr. og 15.000 kr. Næstu 250 gestirnir fá gjafapoka með stílabók og gjafabréfi að andvirði 1.500 kr. 20% afsláttur af öllum vörum frá kl. 11:00-13:00. Sjáumst þá!
H&M






## Alþjóðleg tískusýning dverga



Alþjóðleg tískusýning dverga fór fram í gær. Sýningin fór fram í tengslum við tískuvikuna í París sem stendur yfir. Sýningin fer fram árlega og er ætlað að vekja fólk til vitundar um dverga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ákvæði um uppreist æru afnumið í flýti

**Skuldbinding réttarríkisins nær ekki aðeins til brotaþola, heldur einnig til þeirra sem hafa brotið af sér og tekið út sinn dóm, segir sérfræðingur í refsirétti. Hann lýsir efasemdum um ný lög um afnám uppreistar æru og undirbúning laganna.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta frumvarp er ekki samið í samráði við refsiréttarnefnd og hefur ekki verið undir hana borið,“ segir Svala Ísfeld Ólafsdóttir, formaður refsiréttarnefndar, um frumvarp það sem varð að lögum í gærkvöldi um brottfall ákvæða um uppreist æru úr almennum hegingarlögum.

Hlutverk refsiréttarnefndar er að semja frumvörp á sviði refsiréttar að beiðni ráðherra, vera ráðherra til ráðgjafar um samningu frumvarpa og annarra reglna á sviði refsiréttar, veita umsagnir um frumvörp og aðrar tillögur er varða refsirétt og fylgjast með alþjóðlegri þróun á sviði refsiréttar.

Afgreiða þurfti frumvarpið með afbrigðum frá þingskaparlögum, Lögin gera ráð fyrir að ekki megi hefja umræðu um frumvörp fyrr en að tveimur nóttum liðnum frá framlagningu þeirra. Frumvarpið var lagt fram skömmu fyrir upphaf þingfundar í gær. Til stóð að afgreiða það áður en þingi yrði slitið, en það hafði ekki gerst þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Með lagabreytingunni var eingöngu lögfestur hluti þeirrar endurskoðunar sem dómsmálaráðherra hefur boðað að undanförnu. Samkvæmt nýsamþykktum lögum geta



**Svava Ísfeld Ólafsdóttir, formaður refsiréttarnefndar**

stjórnvöld ekki lengur veitt uppreist æru. Í nýsamþykktum lögum er hins vegar ekki fjallað um með hvaða hætti sakaferill skuli leiða til missis borgaralegra réttinda og hvaða skilyrði rétt sé að setja fyrir því að einstaklingar öðlist umrædd borgararéttindi að nýju.

Í greinargerð frumvarpsins segir að óhjákvæmilegt verði að „vinnu við heildarendurskoðun verði fram haldið og að Alþingi samþykki innan tíðar ný lög þar sem afstaða er tekin til þeirra álitaefna sem hér um ræðir“.

„Þarna er bara einfaldlega verið að taka allt út sem vísar til uppreistar æru og á meðan ekki hefur verið gengið lengra þá eru þeir sem hafa verið sviptir einhverjum réttindum bara án úrræða eins og staðan er,“ segir Arnar Þór Jónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Arnar segir almennt vissulega til bóta að réttarfarsnefnd og sérfræðingar í refsirétti komi að gerð slíkra



**Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík**

frumvarpa og að ráðuneytinu hefði verið mikill styrkur í því.

„Maður getur þó ekki með góðu móti litið fram hjá því að hér eru menn að vinna í kapp við tímann og telja sig vafalaust vera að gera eitthvert gagn með þessu,“ segir Arnar Þór.

„Á hinn bóginn er augljóslega mikilvægt að mál séu skoðuð út frá öllum hliðum við undirbúning lagasetningar, en ekki aðeins hlið þeirra sem hafa hæst. Þótt sú skoðun njóti ef til vill ekki sérstakra vinsælda nú leyfi ég mér að minna á mikilvægi þess að við flýtum okkur hægt í þessum efnum og forðumst eftir megni að grafa undan réttarvernd þeirra sem verst standa. Ef grannt er skoðað nær sú skuldbinding réttarríkisins ekki aðeins til brotaþola, heldur einnig til þeirra sem hafa brotið af sér, tekið út sinn dóm og vilja verða gildir samfélagsþegnar að nýju,“ bætir hann við.

**adalheidur@frettabladid.is**

Master Lock



## Master Lock 5441EURD lyklageymslubox

sem opnast með farsíma (bluetooth)

**Verð: 17.980 kr.**

Bluetooth SMART



## Master Lock 4401EURDL hengilás sem opnast með farsíma

Hægt er að miðla aðgangskóða í gegnum frítt app og fylgjast með aðgangi.

**Verð: 11.656 kr.**

Lockitron

- Gamli lykillinn virkar áfram
- Vatns- og vindvarinn
- WiFi & Bluetooth



WiFi Bluetooth

## Lockitron Bolt snjalllás

Gerir snjallsímann þinn að öruggum lykli til að opna fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum gestum þegar þér hentar og hvaðan sem er.

**Verð: 45.880 kr.**

LIFESAVER




## LifeSaver 9040TLSB reykskynjari

Reykskynjarar 2 stk., jónískir

**Verð: 1.984 kr.**

# Öryggi í sumarbústaðnum

Allir vilja koma að sumarbústaðnum sínum eins og þeir skildu við hann og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

ogniochron




## Osec GPN6X slökkvitæki

6 lítrar léttvatn
AB eldar

**Verð: 5.580 kr.**

»KLETTER-FIX«



## Kletter-Fix N5 5 m flóttastigi (bruna)

**Verð: 14.260 kr.**

Einnig fáanlegir 8 metra

OLYMPIA



## Olympia 9030 þráðlaust þjófavarnarkerfi

- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

**Verð: 14.570 kr.**

TELEFUNKEN




## Telefunken hjartastuðtæki AED

**Verð: 123.999 kr.**


VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is



Dag Hammarskjöld.

## Telja að skotið hafi verið á vél Hammarskjölds

**SAMBÍA** Flugvélin sem hrapaði í Sambíu árið 1961 með Dag Hammarskjöld, þáverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, innanborðs var trúlega skotin niður. Frá þessu greindi The Guardian í gær og vísaði í nýja skýrslu sem Mohamed Chande Othman, fyrrverandi forseti hæstaréttar Tansaníu, vann fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Í frétt blaðsins segir að „fjöldi sönnunargagna bendi til þess að önnur flugvél hafi grandað flugvél Hammarskjölds“.

Hammarskjöld var á leiðinni til Austur-Kongó árið 1961 til að koma á friði milli uppreisnarmanna í Katanga-héraði og ríkisstjórnar landsins.

Á meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er að Frakkar hafi séð Katanga-liðum fyrir þremur orrustuflugvélum. Jafnframt hafi belgískur flugmaður verið málaliði Katanga-liða og flogið flugvélum þeirra. Hann hafi skotið viðvörunarskotum í átt að flugvél Hammarskjölds en óvart hæft væng hennar. **– þea**

# Tyrkir hóta Kúrdum aðgerðum eftir kosningar um sjálfstæði

Um 90 prósent íraskra Kúrda vilja sjálfstæði, samkvæmt niðurstöðum kosninga sem haldnar voru á mánudaginn. Forseti Tyrklands hótar að skera á olíuflutninga og svelta þjóðflokkinn. Kúrdar munu ekki lýsa yfir sjálfstæði heldur fara fram á viðræður við Íraksstjórn. Forsætisráðherra Íraks útilokar slíkar viðræður.

**TYRKLAND** Kosningarnar um sjálfstæði íraskra Kúrda sem haldnar voru á mánudag eru svik og gætu orðið til þess að þjóðflokkurinn svelti. Þetta sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, í gær.

Kosningarnar voru haldnar í óþökk Íraksstjórnar sem og flestra bandamanna hennar í baráttunni gegn Íslamska ríkinu, þar með talin eru Bandaríkin og Tyrkland. Einungis höfðu um tíu prósent atkvæða verið talin í gær. Þá benti allt til yfirgnæfandi sigurs sjálfstæðissinna enda var hakað við já á 93,29 prósentum talinna kjörseðla. Kjörsókn er sögð um 72 prósent.

Passar það ágætlega við yfirlýsta stefnu flokka á héraðsþingi Íraska Kúrdistan. Þar hafa tveir flokkar lagst gegn sjálfstæði með samanlagt þrjá þingmenn. Hins vegar styðja tólf flokkar sjálfstæði með samanlagt 105 þingmenn.

Fjöldi Kúrda býr einnig í Tyrklandi og hafa þeir lengi deilt við yfirvöld í Tyrklandi. Erdogan var því harðorður í garð íraskra Kúrda í gær. Sagði hann að allar mögulegar aðgerðir, hernaðarlegar jafnt sem efnahagslegar, kæmu til greina til að tryggja öryggi Tyrkja.



**Íraskur Kúrdi slappar af daginn eftir kjördag. Mögulegt er að hann hafi kosið með sjálfstæði á mánudag líkt og 90 prósent Kúrda.** NORDICPHOTOS/AFP

Tyrklandsforseti hafði áður hótað því að koma í veg fyrir olíuflutninga Kúrda sem og að skera á alla birgðaflutninga til Íraska Kúrdistan frá Tyrklandi. Það gæti leitt til þess að íraskir Kúrdar myndu svelta. „Ákvörðunin um að halda þessar kosningar, sem var tekin án samráðs, telst til svika,“ sagði Erdogan í ræðu sinni í forsetahöllinni í Ankara í gær.

Leiðtogar íraskra Kúrda hafa þó sagt að þótt meirihluti kjósi með sjálfstæði myndi það ekki þýða tafarlausa sjálfstæðisyfirlýsingu. Það myndi einungis veita umræddum leiðtogum umboð til að hefja viðræður við yfirvöld í Írak og nærliggjandi ríkjum.

Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, hefur hins vegar útilokað möguleikann á slíkum viðræðum. „Við erum ekki tilbúin til að ræða um niðurstöður þessara kosninga af því þær standast ekki stjórnarskrána,“ sagði forsætisráðherrann á mánudagskvöld. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Ákvörðunin um að halda þessar kosningar, sem var tekin án samráðs, telst til svika.**
>
> Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands







# EKKI BARA GÆÐI

## SMÍÐABUXUR
### STRECH




Slitsterkar vinnubuxur með lágu klofi og mjókkandi skálmum. Til þess að hámarka hreyfanleika og þægindi eru teygjubætur í klofinu og á kálfum.

Hnjápúðar að verðmæti 5.900 í kaupbæti

**25.900 m/vsk**
Kaupauki

## VINNUSOKKAR
THERMO



**990 m/vsk**
Fullt verð 1.972

## JAKKI
FJÓRIR LITIR



**15.900 m/vsk**
Fullt verð 19.900

## HETTU-JAKKI



**11.900 m/vsk**
Fullt verð 17.686

## REGN-KULDAGALLI



**19.900 m/vsk**
Fullt verð 29.636

## SMÍÐA-BUXUR
EN471



**14.900 m/vsk**
Fullt verð 22.050

## TEYGJU-BELTI




**1.990 m/vsk**
Fullt verð 3.370

## SANDALAR
### ECCO

Virkilega þægilegir sandalar úr leðri sem þú getur stillt á þremur stöðum, yfir tánna, um ökklann og aftan við hælinn.




**10.900 m/vsk**
Fullt verð 13.900

## ÖRYGGIS-SKÓR



**13.900 m/vsk**
Fullt verð 19.900

## ÖRYGGIS-STÍGVÉL



**8.900 m/vsk**
Fullt verð 12.900

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Heilræði Guðna



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Sumir stjórnmálamenn sem sátu á Alþingi á árunum fyrir og eftir hrunið segja að skynja hafi mátt eðlisbreytingu í samskiptum við kjósendur fyrir og eftir 6. október 2008. Eðlisbreytingin var sýnileg í þeim skilningi að hún fólst í breyttu viðmóti. Vantraustið var áþreifanlegt.

Leiða má líkur að því að aldrei hafi almennilega gróið um heilt vegna þessa djúpstæða vantrausts sem varð í íslensku samfélagi gagnvart löggjafanum og framkvæmdarvaldinu eftir banka- og gjaldeyrishrunið.

Röð erfiðra mála og misheppnaðar tilraunir til að endurheimta traust á stjórnmálunum á Íslandi á síðustu árum hafa síðan gert þessa stöðu enn brothættari. Wintris-málið og Panamaskjölin eyðilögðu þá uppbyggingu sem hafði átt sér stað í sjö ár þar á undan. Mikil útbreiðsla og notkun samfélagsmiðla og kvik umræða á netinu hefur síðan ýtt undir vænisýki stjórnmálamanna sem glíma stundum við óöryggi fyrir. Í bergmálsherbergjum samfélagsmiðlanna er erfitt fyrir stjórnmálamenn að glöggva sig á eigin stöðu þar sem frammistaða þeirra er mæld í rauntíma. Segja má að samfélagsmiðlarnir byrgi stjórnmálamönnunum sýn í þessum skilningi. Þetta er óheppileg og jafnframt flókin staða.

Hinn 28. október næstkomandi fara fram þriðju alþingiskosningarnar hér á landi á fjórum árum. Ef marka má skoðanakannanir geta engir tveir flokkar myndað meirihluta í kosningunum. Ákall Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra um sterka tveggja flokka ríkisstjórn ætlar ekki að speglast í raunveruleikanum. Hætt er við því að eftir kosningar verði of mikil dreifing á fylginu sem mun leiða til þess að sú pólitíska óvissa sem skapaðist eftir síðustu kosningar og leiddi að lokum til stjórnarkreppu láti á sér kræla á ný. Þetta er staða sem allir tapa á.

Að þessu virtu er mikilvægt að kjörnir fulltrúar skynji skyldur sínar og ábyrgð. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, áréttaði þær eftir fund með forsætisráðherra þegar hann féllst á þingrof 18. september: „Engin meirihlutastjórn í sögu lýðveldisins hefur setið skemur en sú sem baðst lausnar í fyrradag. Fólk hlýtur að vænta þess að þeir, sem kjörnir verða til setu á Alþingi í næsta mánuði, geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð og skyldu að stuðla að stöðugu stjórnarfari í landinu. (...) Þingið er þungamiðja stjórnskipunar okkar; þangað sækja ráðherrar og ríkisstjórn umboð sitt, þangað horfir fólk þegar það æskir endurskoðunar á lögum landsins, og því er svo mikilvægt að þingið njóti virðingar manna á meðal, að þingheimur sé traustsins verður," sagði forsetinn.

Í ríkjandi andrúmslofti vantrausts og í ljósi þeirrar óvissu sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur fjölflokkakerfisins er mikilvægt að kjósendur upplifi það ekki sem hugmyndafræðileg svik ef flokkar sem eru á öndverðum meiði í pólitískum skilningi hefji samstarf á grundvelli málamiðlana. Stjórnmálamenn þurfa að kyngja stoltinu og kjósendur einnig ef tryggja á stöðugt stjórnarfar hér á landi sem er orðið löngu tímabært.

**Að þessu virtu er mikilvægt að kjörnir fulltrúar skynji skyldur sínar og ábyrgð.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Roar og Maríella**

**Fréttablaðið greindi frá úrskurði mannanafnanefndar í gær. Kom þar fram að nefndin hefði hafnað karlmannsnafninu Roar og millinafninu Breiðfjörð. Hins vegar voru nöfnin Ava, Gnádís, Maríella, Dáð og Erasmus samþykkt. Þótt nefndin eigi að samþykkja og hafna nöfnum eftir fyrirfram ákveðnum reglum er afar undarlegt og raunar ósanngjarnt að yfirvöld ákveði hvað fólk megi og megi ekki heita. Íslensk tunga glatast ekki þótt einn og einn maður heiti Roar og Roar yrði ekki verri manneskja en hver annar. Vonandi verður þessi nefnd lögð niður á komandi kjörtímabili.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

**Stöngin út**

**Kosningabaráttan er skammt á veg komin. Þó er líklegt að eftirminnilegustu ummæli baráttunnar hafi þegar verið látin flakka. Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins, sagði í gær að jafn mikilvægt væri að bjarga búum og fjölskyldum bænda og að bjarga ungum börnum sem hingað höfðu leitað frá Afganistan og Nígeríu. Ummælin kunna að gagnast Gunnari Braga í baráttunni við Ásmund Einar Daðason um efsta sæti á lista bændaflokksins góða í Norðvesturkjördæmi. En sennilega munu þau ekki fara vel í kjósendur almennt í þingkosningum.**

**jonhakon@frettabaldid.is**

# Stjórnmálin verða að virka



Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins

Um nokkurt skeið hef ég sagt að líklega hafi aldrei verið jafn bjart fram undan hjá okkur Íslendingum og í dag. Við höfum með afar farsælum hætti leyst úr helstu viðfangsefnum eftirhrunsáranna og lifum nú okkar lengsta samfellda hagvaxtarskeið. Því samhliða vex bjartsýni landsmanna enda eru tækifærin víða. Fólk vill láta til sín taka, gera betur, sækja fram og byggja upp landið okkar.

Ein mikilvæg forsenda þess að úr tækifærum landsmanna rætist er að stjórnmálin virki. Eins og sakir standa er augljóst að svo er ekki.

Við töpum dýrmætum tíma með því að efna til kosninga, einungis ári eftir þær síðustu. Pólitískur óstöðugleiki býður einnig heim ýmiss konar hættu og kostnaði. Þegar hefur komið fram að stjórnarslitin hafi á fyrsta degi þurrkað út 32 milljarða sparnað landsmanna. Væntingar um verðbólgu hækkuðu á mörkuðum en það getur leitt til hærri vaxta. Fleira mætti tína til, fjárfestar, bæði innlendir og erlendir, hafa tilhneigingu til að halda að sér höndum þar sem pólitísk óvissa ríkir. Slíkt dregur úr hagvexti og störf tapast.

En jafnvel þótt við horfum fram hjá bæði tíma og fjármunum þá er endurheimt stöðugleika í stjórnarfari mikils virði sem sjálfstætt mál. Líkur á því að samstaða og samheldni meðal landsmanna vaxi helst í hendur við að stjórnmálin fari að virka á nýjan leik. Í því einu og sér eru þess vegna fólgin mikil samfélagsleg verðmæti.

Með hjálp kjósenda getum við komið aftur röð og reglu á stjórnarfarið. Við eigum að hafna því að stjórnmálin hrökkvi í baklás þegar á móti blæs. Það er ekki til árangurs fallið að setja öðrum í sífellu afarkosti þegar mynda þarf starfhæfa ríkisstjórn eða fá niðurstöðu í stór framfaramál. Það þarf meiri ábyrgð, festu og sáttfýsi.

Kosningarnar nú eru vissulega merki um óstöðugleika og óvissan kostar tíma og fjármuni. En um leið eru þær stórkostlegt tækifæri til að skapa betri grundvöll fyrir sterkari stjórnmál sem virka. Nýtum þetta tækifæri vel.

**Ein mikilvæg forsenda þess að úr tækifærum landsmanna rætist er að stjórnmálin virki. Eins og sakir standa er augljóst að svo er ekki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Aðildarumsókn í læstri skúffu



Jón Sigurðsson
fv. skólastjóri

**ESB er áhugavert frá íslensku sjónarmiði og gild rök með og móti aðild. Í sjálfu sér kann ESB að verða jafn áhugavert eftir áratug sem nú. En það getur líka liðið undir lok eins og við þekkjum það.**

Fyrir nokkrum árum var talsverður áhugi meðal Íslendinga á aðild að Evrópusambandinu (ESB), og sumir héldu að ESB væri einhvers konar björgunarsveit. Þá var aðildarumsókn til umfjöllunar. Nú virðist aðeins tæpur þriðjungur landsmanna tilbúinn til að styðja aðildarumsókn. Og þrátt fyrir ýmis ummæli virðist ríkisstjórnin álíta málið úr sögunni í bili. Forysta ESB hefur lýst yfir því að ekki verði tekið á móti aðildarumsóknum á næstu árum. Endurtekið aðildarferli með þjóðaratkvæði verður varla styttra en fimm ár. Og flestir áhugamenn um ESB-aðild munu telja eðlilegt að sjá fyrst hvernig reiðir af um útgöngu Breta (Brexit). Hér getur því verið um allt að áratug að ræða.

Bretar og ESB geta ágætlega ráðið við Brexit, hvorir um sig. En samningskröfur Breta eru skrýtnar og samningamenn þeirra ótraustir. Ferlið er því orðið niðurlægjandi fyrir Breta og hætt við óheppilegum afleiðingum. Eftir tveggja ára útgöngutíma má reikna með fjórum árum í gerð nýrra viðskiptasamninga Breta. En þegar frá líður leysa Bretar þau vandamál sem upp koma.

Lengi vel var samstaða um framþróun og mótun ESB. Nú hefur það snúist við og ESB er kennt um alla skapaða hluti, með réttu og röngu. Stækkun þess hefur verið of hröð og útþenslan orðið illviðráðanleg. Þrátt fyrir gerða samninga er mótþrói víða í löndum ESB gegn afskiptum frá Brüssel. Bretar eru á útleið, og athafnir stjórnvalda í Póllandi og Ungverjalandi má skilja sem undirbúning að svipuðum ákvörðunum. Lítið hefur spurst til Grikkja um skeið en það getur breyst.

Ekkert bendir til að tillaga um aðildarumsókn að ESB verði samþykkt á næstu árum. Miklu líklegra er að málið liggi í læstri skúffu um árabil. Tillögur um endurtekna aðildarumsókn að ESB, sem verði lögð fram eftir mörg ár, eru innihaldslausar nú. Það er vita-gagnslaust að deila um slíkt nú. Staða Íslands verður óbreytt í þessum efnum áfram, með gengissveiflum, hávöxtum og jafnvægisleysi. En samskipti okkar við nágranna, viðskipta- og frændþjóðir verða stöðugt umfjöllunarefni. Og vaka verður yfir hagsmunum okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

ESB er áhugavert frá íslensku sjónarmiði og gild rök með og móti aðild. Í sjálfu sér kann ESB að verða jafn áhugavert eftir áratug sem nú. En það getur líka liðið undir lok eins og við þekkjum það. Ein forsenda aðildar að ESB er að umsvif þess verði ekki meiri en u.þ.b. 2% af vergri landsframleiðslu aðildarþjóðanna, svo sem verið hefur. Meðan svo er halda þjóðríkin völdum og forræði. Auk þess tryggja leiðtogaráðið og ráðherraráðið, ásamt takmörkuðu valdi Evrópuþingsins, að ríkisstjórnirnar og þjóðþingin hafa undirtökin. Þessar forsendur raskast ef stofnanir ESB fá beint lýðræðislegt umboð eða vægi miðstjórnarinnar eykst verulega.

Tiltekin skilyrði skipta mestu í samskiptum Íslendinga við ESB, hvort sem verður utan eða innan þess. Flokksþing Framsóknarmanna 2009 gerði rækilega samþykkt um þessi skilyrði, vegna aðildarumsóknar sem þá var til umræðu. Ástæða er til að minna á þessa samþykkt. Hún er í fullu gildi.

# Það verður að taka á þessu máli NÚNA



Svavar Gestsson
ritstjóri

**Í fjárhagsgrundvelli sauðfjárbúskapar er gert ráð fyrir því að laun bóndans á mánuði séu 160 þúsund krónur. Þessi laun munu lækka við þær aðstæður sem hér blasa við.**

Talsvert er rætt um vanda sauðfjárbænda og kindakjötsframleiðslu í landinu. Hér er sagt frá stöðunni í Dalabyggð sem er ágæt mynd af stöðunni í landinu öllu. Eyjólfur Ingvi Bjarnason bóndi í Ásgarði í Dölum lét mig hafa minnisblað um sauðfjárrækt í Dölunum; hann sagði reyndar frá þessu í fréttum Stöðvar 2 í viðtali við Kristján Má Unnarsson. Í minnisblaði hans segir meðal annars:

1. Boðuð er lækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda í annað sinn á tveimur árum. Haustið 2015 var meðalafurðaverð til bænda ca 600 kr. á kílóið. Haustið 2016 lækkaði verð um 10% til bænda og var 543 kr. kílóið. Haustið 2017 er enn gert ráð fyrir lækkun, nú 35% og þá verður verð til bænda 353 kr. kílóið.
2. Verðmæti innleggs í Dalabyggð haustið 2015 var 402 milljónir króna. Verðmæti innleggs í Dalabyggð haustið 2016 var 392,6 miljónir króna. Áætlað verðmæti innleggs í Dalabyggð haustið 2017 var 242 milljónir króna.
3. Áætluð tekjulækkun frá haustinu 2015 er því 160 milljónir króna í Dalabyggð. Þar eru um 6% af allri kindakjötsframleiðslu í landinu.
4. Í haust vantar 240 kr. upp á kíló til að bú standi á núlli og sá mismunur verður ekki sóttur með neinu öðru en að taka af þessum litlu launum sem bændur reikna sér eða með vinnu utan bús sem ekki er alltaf aðgengileg. Í fjárhagsgrundvelli sauðfjárbúskapar er gert ráð fyrir því að laun bóndans á mánuði séu 160 þúsund krónur. Þessi laun munu lækka við þær aðstæður sem hér blasa við.

Þessar tölur þýða það að sauðfjárbændur eru í raun tekjulausir. Þeir þurfa að borga áburð, plast, olíu og önnur útgjöld af kaupinu sínu sem ekkert er. Bóndinn verður að sækja það sem á vantar til að búið standi á núlli í a) eigin fjárhag eða b) skuldasöfnun. Þessi staða kemur langverst niður á yngri bændum sem eru að jafnaði skuldugri en þeir sem eldri eru. Staðan er með öllu fráleit; fjárhagur þessa fólks stefnir í gjaldþrot.

Það VERÐUR að taka á þessum málum af fullri alvöru hvað sem stjórnarfari í landinu líður.



## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**S. Moskva - Liverpool 1-1**
1-0 Fernando (23.), 1-1 Philippe Coutinho (31).

**Man. City - Shaktar 2-0**
1-0 Kevin de Bruyne (48.), 2-0 Raheem Sterling (90).

**APOEL - Tottenham 0-3**
1-0 Harry Kane (39.), 2-0 Kane (62.), 3-0 Kane (67).

**Dortmund - Real Madrid 1-3**
0-1 Gareth Bale (18.), 1-2 Cristiano Ronaldo (50), 1-2 Pierre-Emerick Aubameyang (54.), 1-3 Ronaldo (79.)

**Sevilla - Maribor 3-0**

**Napoli - Feyenoord 3-1**

**Besiktas - RB Lepzig 2-0**

**Monaco - Porto 0-3**

KR ER ÚR LEIK

Íslandsmeistarar KR í körfubolta eru úr leik í Evrópukeppninni eftir tap fyrir Belfius Mons-Hainaut. Lokatölur urðu 84-71 fyrir Belfius.

Fyrri leikur liðanna fór 67-88 í Frostaskjólinu, svo KR tapaði því einvíginu samanlagt 172-138.

Jón Arnór Stefánsson var atkvæðamestur KR-inga með 20 stig, 5 fráköst og 2 stoðsendingar. Næstur kom Darri Hilmarsson með 17 stig og 2 fráköst.

Staðan í hálfleik var 41-38, en þá var orðið ljóst að KR-ingar næðu ekki að vinna upp muninn frá fyrri leiknum.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 18.40 | CSKA - Man. Utd | Sport 2 |
| 18.40 | Atletico - Chelsea | Sport 3 |
| 18.40 | PSG - Bayern | Sport 4 |
| 18.40 | Sporting - Barcel. | Sport 5 |
| 20.45 | Meistarad.mörkin | Sport |


SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Samgönguráð

Samgöngustofa

VEGAGERÐIN

**Samgönguþing 2017**
**28. september 2017**
**á Hótel Örk í Hveragerði**

**Dagskrá**

***Kl. 10:00 Bæjarstjóri Hveragerðis, Aldís Hafsteinsdóttir, býður fundargesti velkomna***
Ávarp Jóns Gunnarssonar ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála
***Kl. 10:15–11:15 Samgönguáætlun – staða***
Formaður samgönguráðs, Ásmundur Friðriksson
Forsvarsmenn samgöngustofnana – pallborð
Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið – Sigurbergur Björnsson
Vegagerðin – Hreinn Haraldsson
Samgöngustofa – Þórólfur Árnason
Isavia – Björn Óli Hauksson
***Kl. 11:15 Framtíðarsýn í samgöngum***
– Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor við HÍ

***11:45 Hádegishlé***

***Kl. 12:20 Hvítbók: Ákvarðanataka í samgöngum***
– dr. Gunnar Haraldsson hagfræðingur
***Kl. 12:45 Flug sem almenningssamgöngur og mikilvægi þess fyrir búsetugæði á landsbyggðinni***
– Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar
***Kl. 13:10 Góðar samgöngur, grunnur samkeppnishæfs samfélags***
– Haukur Óskarsson tæknifræðingur
***Kl. 13:25 Framkvæmdir á stofnvegum út frá höfuðborgarsvæðinu***
– dr. Eyjólfur Árni Rafnsson verkfræðingur – kynning – umræður
***Kl. 14:15 Málstofur***
a. Umferðaröryggi – nýjar áskoranir og verkefni
b. Orkuskipti í samgöngum og loftslagið
c. Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
d. Hafnamál og nýjungar í útgerð
***Kl. 15:15 Kaffi***
***Kl. 15:30 Samantekt úr málstofum***
***Kl. 16:00 Þinglok – léttar veitingar***

**Fundarstjóri er Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar**

Boðið verður upp á ókeypis far með rafrútu á þingið. Farið verður frá samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu við Sölvhólsgötu kl. 09:00 og komið við á bensínstöðinni í Norðlingaholti um kl. 09:15.

Lagt verður af stað til Reykjavíkur frá Hótel Örk kl. 17:00. Komið verður við á bensínstöðinni í Norðlingaholti á leiðinni að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Þangað verður komið um kl. 18:00.

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: kristin.hjalmarsdottir@srn.is.

Þátttakendur eru jafnframt beðnir að taka fram hvort þeir þiggja far með rútu á þingstað.


## Liverpool þurfti að sætta sig við annað jafntefli



Liverpool þurfti að sætta sig við 1-1 jafntefli gegn Spartak Moskvu í Meistaradeild Evrópu í gærkvöld. Níu ár eru síðan liðið komst síðast upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Liverpool átti sautján marktilraunir í gær, en tókst ekki að tryggja sér sigurinn. Er liðið því með tvö stig eftir tvo leiki í E-riðli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Moskva bíður eftir Manchester United

**Mjög áhugaverðir leikir eru á dagskrá Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Man. Utd fer til Moskvu og hið moldríka félag PSG tekur á móti Bayern München.**

**FÓTBOLTI** Manchester United á góðar minningar frá Moskvu. Þar varð félagið Meistaradeildarmeistari árið 2008 eftir dramatískan úrslitaleik gegn Chelsea þar sem úrslit réðust ekki fyrr en eftir vítaspyrnukeppni.

Það eru engin slík verðlaun í boði í kvöld er liðið sækir CSKA Moskvu heim í A-riðli Meistaradeildarinnar. Þetta er toppslagur í riðlinum enda unnu bæði lið sína leiki í fyrstu umferð. Man. Utd lagði Basel á heimavelli á meðan CSKA sótti sterkan útisigur gegn Benfica í Portúgal.

Þetta er í þriðja sinn sem þessi lið lenda saman í riðli í Meistaradeildinni og CSKA hefur aldrei náð að vinna. Liðin hafa þó tvisvar gert jafntefli í fjórum leikjum. Í Moskvu fór 0-1 fyrir United en árið 2015 gerðu liðin 1-1 jafntefli.




Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Manchester United FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Man. Utd verður án Paul Pogba, Marouane Fellaini og Michael Carrick en þeir eru allir meiddir. Allt miðjumenn og munar um minna.

„Við eigum ekki margar lausnir en munum reyna að setja saman lið fyrir þennan leik sem hefur gæði og jafnvægi. Takmarkið er alltaf að sækja til sigurs,“ segir Jose Mourinho, stjóri Man. Utd, en hann segist eiga eftir að sakna Fellaini sérstaklega mikið en hann meiddist í leiknum gegn Southampton á dögunum. „Hann var heppinn að meiðast ekki verr en ella. Hann hefði getað verið lengur frá en ég reikna ekki með honum næstu vikurnar.“

**Gaman að mæta Neymar**

Margir bíða slefandi af spennu fyrir leik PSG og Bayern en þar fær franska ofurliðið loksins verðugan andstæðing í vetur. Lið PSG var mjög gott en viðbótin með Neymar og Kylian Mbappé gerir liðið auðvitað stórkostlegt.

Joshua Kimmich, varnarmaður Bayern, bíður mjög spenntur eftir því að fá tækifæri til þess að glíma við Neymar. „Ég er ekkert hræddur við að mæta Neymar. Bara spennt-ur. Neymar er sá besti í heiminum einn á einn þannig að það verður einstaklega gaman að glíma við hann,“ sagði Þjóðverjinn brattur.

„Maður æfir alla daga fyrir svona leiki. Svona leikir eru ástæðan fyrir því að maður er í fótbolta.“

Þessi lið munu klárlega berjast um toppsætið í þessum riðli en PSG valtaði yfir Celtic í fyrstu umferð, 5-0, á meðan Bayern vann sannfærandi 3-0 sigur á Anderlecht.

henry@frettabladid.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. september 2017 — 35. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Pólitísk óvissa hrellir fjárfesta

**Fjárfestar og stjórnendur fyrirtækja hafa vaxandi áhyggjur af pólitískri óvissu í landinu. Fyrirtæki halda að sér höndum á meðan mesta óvissan varir og bíða með allar veigamiklar ákvarðanir. Erlendir fjárfestar krefjast skýringa á stjórnmálaástandinu. 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

### Stofnendur Plain Vanilla fá 200 milljónir frá erlendum fjárfestum

Hópur erlendra fjárfesta hefur lagt íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Teatime til um 200 milljónir. Index Ventures, alþjóðlegur fjárfestingarsjóður sem fjárfesti meðal annars í Facebook, leiðir fjárfestinguna.

»2

### Vogunarsjóður bætir við sig hálfu prósenti í Arion

Attestor Capital hefur keypt 0,44 prósenta hlut í Arion banka fyrir rúmlega 800 milljónir. Kaup vogunarsjóðsins voru gerð daginn áður en kaupréttur rann út í þessum mánuði.

»6

### Stafræn straumhvörf á fjármálamarkaði

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, segir umræðu um eignarhald ríkisins á bönkum verða að taka mið af þeim breytingum sem eru að verða á fjármálamarkaði með örum tæknibreytingum.




# Fjárfesta 200 milljónir í næstu hugmynd stofnenda Plain Vanilla

Hópur fjárfesta hefur lagt íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Teatime til jafnvirði um 200 milljónir króna. Index Ventures, alþjóðlegur fjárfestingarsjóður, sem fjárfesti meðal annars í Facebook, Skype, Candy Crush og Clash of Clans, leiðir fjárfestinguna.

Teatime, sem var stofnað í sumar af stofnendum og fyrrverandi lykilstarfsmönnum Plain Vanilla, hyggst þróa tölvuleiki fyrir farsíma sem tengja fólk saman í rauntíma á áður óþekktan hátt.

Um er að ræða eina stærstu frumfjárfestingu í hugbúnaðarfyrirtæki hér á landi, en Teatime var aðeins formlega stofnað fyrir þremur mánuðum.

„Það er ótrúlega gaman að vera kominn aftur af stað. Ég held að við séum með vöru sem hefur ótrúlega mikla möguleika,“ segir Þorsteinn Baldur Friðriksson, einn stofnendanna.

Guzman Diaz, yfirmaður leikjafjárfestinga Index Ventures, segir að í tækni Teatime felist tækifæri til þess að koma með algerlega nýja hugmynd á markað. Index Ventures leiðir fjárfestahópinn með um 75 milljónir króna en alls leggja fjárfestarnir jafnvirði um 200 milljóna króna til stofnunar Teatime.

Stofnendur Teatime eru þeir Þorsteinn Baldur, Ýmir Örn Finnbogason, Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson og Jóhann Þorvaldur Bergþórsson en allir voru þeir, eins og áður sagði, stjórnendur hjá Plain Vanilla sem gaf út QuizUp-spurningaleikinn vinsæla.

Í fjárfestahópnum eru margir sömu fjárfestarnir og komu að Plain Vanilla og QuizUp. Þar má nefna David Wallerstein, forstjóra Tencent í Bandaríkjunum, sjöunda stærsta fyrirtækis heims miðað við markaðsvirði. Fyrirtækið á mörg stór tæknifyrirtæki í Kína og var jafnframt á meðal stærstu fjárfesta í leigubílaþjónustunni Uber og bílaframleiðandanum Tesla. Einnig eru á meðal fjárfesta Davíð Helgason, stofnandi Unity, og íslenski fjárfestingarsjóðurinn Investa auk annarra.

Þorsteinn Baldur segir hlutina hafa gerst hratt í sumar. „Eftir að QuizUp var selt til Bandaríkjanna í byrjun þessa árs tók við kærkomið frí, en eftir nokkra mánuði fann maður að löngunin til þess að skapa eitthvað nýtt var orðin sterk. Það var svo í sumar sem fjórir af fyrrverandi stjórnendum Plain Vanilla hittust og úr varð ný hugmynd sem við urðum strax mjög spenntir fyrir. Við ákváðum því að stofna nýtt fyrirtæki og byrjuðum að bera hugmyndina undir ýmsa fjárfesta sem við þekktum og höfðu verið með okkur í Plain Vanilla.

Móttökurnar voru vægast sagt góðar og ég er ótrúlega þakklátur fyrir þá trú sem fjárfestarnir hafa haft á hugmyndinni og það traust sem þeir sýna teyminu okkar.“

Það að safna svo miklu fjármagni strax við stofnun hjálpi þeim að vinna hraðar í átt að markmiðinu, sem sé að bylta því hvernig fólk spilar farsímaleiki.

Aðspurður segir Þorsteinn næstu skref að stækka félagið og ráða hæfileikaríkt fólk til starfa. „Við erum komnir með fjármagn sem gerir okkur kleift að hraða þróuninni á fyrstu útgáfu Teatime. Við getum vonandi aðeins svipt hulunni af vörunni fyrir jól. Það er planið.“ **– kij**



**Þorsteinn Baldur Friðriksson, einn stofnenda Teatime**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




# Attestor eykur við hlut sinn fyrir 800 milljónir

**Vogunarsjóður nýtti sér kauprétt og bætti við sig 0,44 prósenta hlut. Kaupin gerð svo Attestor Capital og Goldman Sachs færu sameiginlega með meiri atkvæðarétt í Arion banka en sem nemur 13 prósenta hlut Bankasýslu ríkisins.**

Breski vogunarsjóðurinn Attestor Capital hefur bætt við sig tæplega hálfs prósents eignarhlut í Arion banka fyrir rúmlega 800 milljónir króna en seljandi bréfanna var Kaupþing. Sjóðurinn nýtti sér lítinn hluta kaupréttar sem hann átti í bankanum en eftir kaupin á Attestor Capital rúmlega 10,4 prósenta hlut í Arion banka. Kaup vogunarsjóðsins voru gerð daginn áður en kauprétturinn rann út um miðjan þennan mánuð, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Attestor Capital og Goldman Sachs, en bæði sjóðurinn og bandaríski fjárfestingarbankinn fara nú með atkvæðarétt í Arion banka, eiga í dag samanlagt um 13,01 prósents hlut í bankanum. Kaup Attestor Capital á um 0,44 prósenta hlut til viðbótar í Arion banka voru gerð í því skyni, samkvæmt heimildum Markaðarins, að vogunarsjóðurinn og Goldman Sachs ættu í sameiningu lítillega stærri hlut í bankanum en Bankasýsla ríkisins. Stofnunin heldur á 13 prósenta hlut í Arion banka fyrir hönd íslenska ríkisins.

Fjármálaeftirlitið (FME) komst nýlega að þeirri ákvörðun að Attestor Capital og tengdir aðilar væru hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka en í kjölfarið fékk sjóðurinn atkvæðarétt í samræmi við hlutafjáreign sína í bankanum. Í lok síðustu viku komst FME að sömu niðurstöðu í tilfelli vogunarsjóðsins Taconic Capital og Kaupþings með þeirri undantekningu að sú ákvörðun tekur ekki gildi fyrr en Arion banki verður skráður á hlutabréfamarkað. Fram að því munu hvorki bandaríski sjóðurinn né Kaupþing fara beint með atkvæðarétt í bankanum heldur verður hann í höndum Kaupskila, dótturfélags Kaupþings.

Samkvæmt ákvörðun FME teljast Taconic og Kaupþing vera í samstarfi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Vogunarsjóðurinn er langsamlega stærsti einstaki hluthafi Kaupþings með rúmlega 40 prósenta hlut en í gegnum dótturfélag sitt á Kaupþing um 57,4 prósent í Arion banka. Taconic eignaðist sem kunnugt er fyrr á árinu 9,99 prósenta hlut í Arion banka og á því samanlangt – beint og óbeint – liðlega þriðjungshlut í bankanum.



**Hlutafjárboð og skráning Arion frestast fram á næsta ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hluthafar Arion banka**

| | |
|---|---|
| Kaupskil | **57,4%** |
| Bankasýslan | **13%** |
| Attestor | **10,4%** |
| Taconic | **9,99%** |
| Och-Ziff | **6,6%** |
| Goldman | **2,6%** |

Þegar vogunarsjóðirnir þrír – Attestor, Taconic og Och-Ziff Capital – ásamt Goldman Sachs keyptu samtals rúmlega 29 prósenta hlut af Kaupþingi í Arion banka í mars á þessu ári fyrir 49 milljarða var einnig um það samið að fjárfestahópurinn hefði kauprétt að um 22 prósenta hlut til viðbótar. Sá kaupréttur rann út 19. september án þess að nokkur fjárfestanna nýtti sér hann fyrir utan Attestor en sjóðurinn ákvað sem fyrr segir að bæta aðeins við sig 0,44 prósentum í bankanum. Kauprétturinn var á hærra gengi en sjóðirnir og Goldman keyptu hlut sinn á fyrr á árinu sem var á genginu 0,81 miðað við bókfært eigið fé í lok þriðja fjórðungs 2016. Samkvæmt heimildum Markaðarins þurfti Attestor því að greiða rúmlega 800 milljónir króna fyrir tæplega hálfs prósents hlut í Arion banka en eigið fé bankans var liðlega 222 milljarðar í lok júní á þessu ári.

Ekkert verður af fyrirhuguðu útboði og skráningu Arion banka á þessu ári, eins og Markaðurinn greindi fyrst frá síðastliðinn miðvikudag, vegna stjórnarslita og boðaðra kosninga til Alþingis í næsta mánuði. Kaupþing staðfesti þetta í tilkynningu sem félagið sendi frá sér í lok síðustu viku. Stefnir Kaupþing nú að því að losa um hlut sinn í bankanum í gegnum opið hlutafjárútboð á fyrsta fjórðungi næsta árs þegar væntingar eru um að ný ríkisstjórn hafi tekið til starfa eftir kosningar. **hordur@frettabladid.is**

# Steinar fékk 39 milljónir frá Lindarhvoli

Eignarhaldsfélagið Lindarhvoll, sem heldur utan um stöðugleikaeignir sem voru framseldar til ríkisins í ársbyrjun 2016, keypti þjónustu af lögmannsstofu Steinars Þórs Guðgeirssonar, hæstaréttarlögmanns og ráðgjafa Lindarhvols, fyrir samtals um 39 milljónir án virðisaukaskatts á síðustu átta mánuðum ársins 2016.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Lindarhvols. Þar segir að stjórn félagsins hafi gert samning við lögmannsstofuna Íslög, sem er í eigu Steinars Þórs, þann 28. apríl 2016 um að annast „þjónustu vegna umsýslu, fullnustu og sölu, á þeim stöðugleikaeignum sem voru umsjá félagsins“. Samtals nam rekstrarkostnaður Lindarhvols 56,5 milljónum í fyrra.

Steinar Þór, sem var formaður skilanefndar slitabús Kaupþings á árunum 2008 til 2012, hefur meðal annars haft það hlutverk að gæta hagsmuna íslenska ríkisins við söluferli á hlut Kaupþings í Arion banka á undanförnum misserum. Þannig situr Steinar, sem sérstakur eftirlitsmaður fyrir hönd stjórnvalda, alla fundi stjórnar Kaupþings þar sem söluferli bankans er til umræðu. Þá hefur Steinar einnig átt sæti í stjórnum fjölmargra félaga sem voru framseld til Lindarhvols sem hluti af stöðugleikaframlagi gömlu bankanna.



**Steinar Þór Guðgeirsson, ráðgjafi Lindarhvols.**

Við upphaf starfsemi Lindarhvols nam bókfært virði stöðugleikaeigna ríflega 162 milljörðum en helmingur þeirra eigna var skuldabréf útgefið af Kaupþingi til íslenska ríkisins. Í greinargerð um starfsemi Lindarhvols, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi frá sér í síðustu viku, kom fram að frá framsali stöðugleikaeigna og fram til ágústloka 2017 hafa greiðslur inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs, ásamt greiðslum inn á reikninga dótturfélaga, numið samtals um 140 milljörðum. Enn eru umtalsverðar eignir í umsýslu Lindarhvols, að stærstum hluta lánaeignir, en áætlað er að unnt verði að slíta starfsemi félagsins á fyrri hluta næsta árs. **– hae**

**» Frá framsali stöðugleikaeigna til Lindarhvols í upphafi árs 2016 og fram til ágústloka á þessu ári hafa greiðslur inn á stöðugleikareikning ríkissjóðs, ásamt greiðslum inn á reikninga dótturfélaga, numið samtals um 140 milljörðum króna.**




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

# Áhyggjufullir og halda að sér höndum

**Áform um miklar fjárfestingar hafa verið sett til hliðar vegna stjórnarslita og boðaðra þingkosninga. Óttast er að langvarandi pólitísk óvissa geti dregið úr áhuga erlendra fjárfesta á landinu. Erlendir fjárfestar krefjast skýringa á ástandinu. Minni líkur eru á vaxtalækkun.**



Kosningaskjálfti hefur gert vart við sig á mörkuðum undanfarna daga. Hann lýsir sér meðal annars í því að verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur þokast upp á við og hlutabréfaverð farið lækkandi. 32 milljarðar króna gufuðu upp á verðbréfamörkuðum daginn eftir fall ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Fjárfestar og stjórnendur fyrirtækja hafa miklar áhyggjur af þeirri pólitísku óvissu sem uppi er vegna falls ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar og boðaðra kosninga til Alþingis í lok næsta mánaðar. Áform um miklar fjárfestingar hafa verið sett til hliðar í bili og óttast er að verði óvissan langvarandi geti hún dregið úr áhuga erlendra fjárfesta á landinu.

„Menn halda að sér höndum og bíða með allar stórar ákvarðanir þangað til ljóst verður hvernig pólitíska landslagið mun liggja eftir kosningar,“ segir forstjóri í skráðu félagi í samtali við Markaðinn.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir að mikill pólitískur óstöðugleiki rími illa við þá ímynd sem Ísland hefur haft gagnvart umheiminum sem stöðugt norrænt ríki.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa margir verðbréfamiðlarar fengið fyrirspurnir frá erlendum fjárfestum undanfarna daga. Hafa fjárfestarnir krafist skýringa á hinu óstöðuga stjórnmálaástandi sem hér ríkir. Ekki hefur dregið úr áhuga þeirra á að fjárfesta hér á landi, en hins vegar vilja þeir bíða og sjá hvernig stjórnmálin þróast fram yfir kosningar. Á meðal verkefna sem hafa frestast er fyrirhuguð skráning Arion banka, en eins og Markaðurinn hefur greint frá stefnir Kaupþing, sem á 58 prósenta hlut í bankanum, nú að því að losa um hlut sinn í gegnum opið hlutafjárútboð á fyrsta fjórðungi næsta árs.

Kristrún Mjöll Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, segir að pólitískur óstöðugleiki geti hamlað erlendri fjárfestingu. „Erlendir fjárfestar líta meðal annars til þess hvers konar rekstrarumhverfi fyrirtækjum er búið og eins hve auðvelt er að starfa hér og ávaxta fé sitt. Nú höfum við brátt haft þrjár ríkisstjórnir á tveimur árum. Það flækir skilaboð til erlendra aðila um fyrirsjáanleika, sérlega þegar miklar sviptingar eru í landslaginu á milli stjórna.

Þegar boðað er til kosninga með nokkurra vikna fyrirvara er ekki ólíklegt að fjárfestar og fyrirtæki haldi einfaldlega að sér höndum og bíði með allar stórar ákvarðanir þar til kosningum lýkur og málin hafa skýrst frekar. Þangað til verða mörg verkefni í biðstöðu,“ segir hún.

„Það er mjög líklegt að menn staldri nú aðeins við og bíði,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, „en ég efast um að við þurfum að hafa verulegar áhyggjur til lengri tíma litið. Ef það verður greitt úr þessu með eðlilegum hætti, ríkisstjórn mynduð innan eðlilegra tímamarka og hlutirnir komast aftur í samt horf hef ég ekki miklar áhyggjur af því að það dragi úr áhuga erlendra fjárfesta á landinu.“

## Minni líkur á vaxtalækkun

Fjárfestar brugðust harkalega við fregnum af stjórnarslitunum. Daginn eftir, föstudaginn 15. september, gufuðu 32 milljarðar króna upp á verðbréfamörkuðum, þar af 23 milljarðar á hlutabréfamarkaði. Benti greiningardeild Aron banka á að eignir lífeyrissjóðanna, umsvifamestu fjárfesta landsins, hefðu rýrnað um að minnsta kosti 14 milljarða króna þennan eina dag. „Þetta var eins og blóðbað,“ sagði verðbréfamiðlari sem Fréttablaðið ræddi við.

Lækkanirnar hafa haldið áfram undanfarna daga, en sem dæmi hefur úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkað um 4,9 prósent og skuldabréfavísitala GAMMA um 1,5 prósent frá því að ríkisstjórnin féll. Einn viðmælandi Markaðarins segir sennilegt að umræddar lækkanir muni ganga til baka, í það minnsta að einhverju leyti, þegar óvissunni léttir, en enginn viti hvenær svo verður. „Markaðurinn hefur aðeins róast en óvissan hvílir samt enn eins og farg á honum. Á meðan svo er eru engar verulegar hækkanir í kortunum.“

Stefán Broddi segir að líkurnar á því að peningastefnunefnd Seðlabana Íslands lækki stýrivexti bankans hafi minnkað. Undir það taka fleiri viðmælendur Markaðarins. Nefndin kemur saman og ákveður vexti í næstu viku. Verðbólguálagið á skuldabréfamarkaði, þ.e. munurinn á milli ávöxtunarkröfu óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisskuldabréfa, hækkaði skarpt í kjölfar stjórnarslitanna og er nú töluvert yfir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði sem endurspeglar hækkandi langtímaverðbólguvæntingar fjárfesta.

Stefán Broddi bendir á að verðbólguálag á skuldabréfamarkaði sé einn af þeim mælikvörðum sem peningastefnunefnd Seðlabankans horfi til við vaxtaákvörðun. Álagið hafi farið hækkandi eftir að gengi krónunnar tók að veikjast í sumar en hafi rokið upp í kjölfar stjórnarslitanna. Það sé til vitnis um að fjárfestar búast við að meiri verðbólga sé í kortunum. Aukið verðbólguálag hafi lækkað raunstýrivexti og gert það að verkum að slaknað hafi á taumhaldi peningastefnunnar.

## Hræðsla og óvissuálag

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA, segir að þrátt fyrir pólitískan óróleika sé umtalsverð hækkun verðbólguálags á skuldabréfamarkaði undanfarið aðeins að hluta tilkomin vegna vaxandi verðbólguvæntinga markaðarins. Óróleikinn hafi vissulega einhver áhrif á verðbólguvæntingar, en þau séu minni en margir vilji láta vera, enda séu fáar vísbendingar um að verðbólga fari vaxandi á næstu misserum og erfitt sé að tengja stjórnarslitin beint við hærri verðbólgu. „Það sem skýrir hærra verðbólguálag er fyrst og fremst ákveðin hræðsla og óvissuálag sem komið er til að miklu leyti vegna langvarandi innflæðishafta Seðlabankans sem hafa ýtt vaxtastiginu upp undanfarin misseri, einkum á óverðtryggða enda vaxtarófsins.

Innflæðishöftin hindra að mestu leyti langtíma skuldabréfafjárfestingar erlendra aðila á Íslandi og hafa þannig þurrkað upp skuldabréfamarkaðinn og gert hann mjög veikburða á sama tíma og þau ýta undir væntingar um veikari krónu horft fram á veginn en ella. Á sama tíma og fjármagn innlendra aðila leitar út úr hagkerfinu eftir langvarandi gjaldeyrishöft eiga erlendir skuldabréfafjárfestar, sem hafa mikinn áhuga á að fjárfesta í löngum innlendum vöxtum, ekki greiða leið inn á markaðinn. Þeir hafa verið nettó seljendur á skuldabréfamarkaði í ár og það sama má segja um lífeyrissjóðina sem hafa dregið sig í auknum mæli út af markaðinum.

Löng og óverðtryggð bréf eru eitt af því fyrsta sem lífeyrissjóðirnir selja þegar þeir fjárfesta erlendis eða þegar þá vantar fé til að fjármagna sjóðsfélagalán sín. Allir þessir kraftar eru til þess fallnir að þrýsta upp verðbólguálaginu, einkum til lengri tíma, og er birtingarmynd þess aukið óvissuálag og hærra vaxtastig. Kosningaskjálftinn hefur síðan leyst úr læðingi þessa hræðslutilfinningu á meðal fjárfesta á þeim tíma sem markaðurinn er mjög veikburða vegna skorts á fjármagni.“

Kristrún Mjöll bendir á að mörg fyrirtæki hafi á undanförnum mánuðum – eftir að gjaldeyrishöftum var aflétt – kvartað yfir öfgakenndum sveiflum á gengi krónunnar. Sveiflurnar flæki fyrirtækjarekstur, geri áætlanagerð nær ómögulega og skaði samkeppnishæfni landsins á alþjóðavísu. „Til viðbótar við gengisóstöðugleika bætist nú við pólitískur óstöðugleiki. Þessi óvissa setur mörg fyrirtæki, sem hafa reynt að leggja línurnar í rekstri sínum fyrir næstu mánuði, í vonda stöðu. Þau reiða sig á að efnahagsumhverfið sé fyrirsjáanlegt. Þeir sem hyggjast fjárfesta eða auka umsvif sín vilja til að mynda vita hvernig umhverfið verður á næstu árum. Það fjárfesta fáir til eins árs í senn.“

**Þegar boðað er til kosninga með nokkurra vikna fyrirvara er ekki ólíklegt að fjárfestar og fyrirtæki haldi einfaldlega að sér höndum.**

Kristrún Mjöll Frostadóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands



## Fasteignasala sums staðar í alkuli

Viðskipti með fasteignir drógust verulega saman hjá sumum fasteignasölum í kjölfar þess að ríkisstjórnin féll fyrr í mánuðinum. Sums staðar ríkti alkul í nokkra daga, samkvæmt heimildum Markaðarins. Báru mögulegir fasteignakaupendur þá því við að rétt væri að bíða með fjármagnsfrekar fjárfestingar líkt og fasteignakaup þar til mestri óvissunni léttir. Rétt er að taka fram að ekki fundu allar fasteignasölur fyrir merkjanlegum samdrætti á dögunum eftir fall ríkisstjórnarinnar.

Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala, segir að óvissa sé aldrei góð fyrir viðskipti, sama hvort það séu fasteignaviðskipti eða önnur viðskipti. „Það er alltaf óþægilegt þegar það er óvissa á stjórnarheimilinu og kosningar eiga það til að draga svolítið athyglina frá viðskiptum.“ Hann tekur þó fram að á móti aukinni óvissu vegi meðal annars lækkandi vextir og vaxandi kaupmáttur. „Framboðið af eignum á sölu hefur einnig aukist. Einhverjar eignir sitja eftir, kannski vegna þess að verðin eru of há. Það kann að vera. Markaðurinn þarf þá að stilla sig af í þeim efnum.“ Að öðru leyti sé nú ágætis gangur í fasteignaviðskiptum eftir rólega sumarmánuði.

**Það sem skýrir hærra verðbólguálag er fyrst og fremst ákveðin hræðsla og óvissuálag sem komið er til að miklu leyti vegna langvarandi innflæðishafta.**

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA



Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 27. SEPTEMBER 2017



Ríkey Mortensen Pétursdóttir er markaðsstjóri hjá Hagvís sem fyrst íslenskra fyrirtækja býður upp á rúmstæði sem horfið geta inn í vegg.



Elsa Kristín Auðunsdóttir og Þórður Kárason keyptu sér hús í Garðabæ í byrjun árs. Þau hafa komið sér vel fyrir enda Elsa snillingur í að gera fínt í kringum sig.

heimili ➜4

# Húsgögn sem stækka heimilið

Hver hefur ekki séð heillandi rúm sem hægt er að láta hverfa inn í vegg á daginn? Nú getur draumur um slíka galdrasmíð ræst og hægt er að nota dýrmætt rými heimilisins í samveru og leik.

Okkur fannst ákall eftir minni íbúðum kalla á lausnir þar sem hvert herbergi nýtist á tvo vegu og hvert húsgagn nýtist tvisvar sinnum,“ segir Ríkey Mortensen Pétursdóttir, markaðsstjóri hjá Hagvís sem býður nú frábæra nýjung á Íslandi sem eru húsgögn fyrir íbúðir þar sem hver fermetri skiptir máli.

„Markhópurinn eru stækkandi fjölskyldur sem vilja síður fara út í kostnaðarsama flutninga og fólk sem er að fjárfesta í sinni fyrstu íbúð en nær ekki að kaupa sér nægilega stórt húsnæði. Með þessari lausn getur tveggja herbergja íbúð hæglega verið fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Þá er hægt að hafa sófasett með hjónarúmi í stofunni og þar með nýta svefnherbergið, sem er ávallt stærst, fyrir unglingana saman eða haft kojur fyrir börnin, sem fer lítið fyrir. Uppbúin rúm, svo ég tali nú ekki um hjónarúm, taka fjögurra til fimm fermetra gólfpláss, sem betur má nota í leikrými eða dagstofu á daginn. Einnig er þetta snjöll lausn í gestaherbergið eða í tengslum við ferðaþjónustu, því þar má hafa fleiri svefnpláss, miðað við stærð herbergja, án þess að bæta við húsnæði sem er þegar til staðar,“ segir Ríkey.

Þegar Hagvís skoðaði sams konar lausnir frá hinum ýmsu framleiðendum heimsins heillaðist Ríkey af hágæða veggrúmum og húsgagnalausnum frá ítalska framleiðandanum WallbedItalia.

„WallbedItalia stendur fyrir fallega hönnun og mikil gæði. Stærstu markaðir þeirra eru

Framhald á síðu 2 ➜

Hreinsum öll húsgögn, rúm og dýnur.
Oson hreinsum ef mygla er til staðar.


Húsgagnahreinsunin ehf.
Eldshöfði 8, 110 Rvk.
S: 577-5000



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun





**Hér gefur að líta hjónarúm með rúmgafli sem víkur fyrir þægilegum sófa og fallegri hillueiningu á daginn.** MYNDIR/ANTON BRINK





**Einstaklingsrúm á nóttunni; skrifborð og nóg gólfpláss á daginn. Hentug lausn fyrir barnaherbergi, gestaherbergi og ferðaþjónustu.**

**Framhald af forsíðu** ➪

Singapúr og New York, þar sem fermetrar eru dýrir og miklu skiptir að nýta plássið vel. Húsgögnin eru sérsmíðuð og getur hver viðskiptavinur ráðið efni og áferð á þann veg sem best hentar fyrir viðkomandi. Hönnunarteymið er öflugt og við getum verið í samvinnu um flóknari verk, sé þess óskað," útskýrir Ríkey.

Í verslun Hagvís er hægt að upplifa og sjá hversu vönduð og falleg húsgögnin eru. Hagstæðir samningar Hagvís við Wallbed-Italia tryggja sama verð á Íslandi og Ítalíu.

„Einkunnarorð Hagvís eru gæði, traust og öryggi, og WallbedItalia mætir þeim með sterkum, þrautreyndum og endingargóðum vörum. Ljúflokun og hljóðlátar pumpur auðvelda allar hreyfingar í hverju rúmi fyrir sig og upplifunin er stórkostlega ánægjuleg."

**Með þessari lausn getur tveggja herbergja íbúð hæglega verið fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Þá er hægt að setja sófasett með hjónarúmi í stofuna og kojur fyrir börnin í svefnherbergið, sem losa um mikið gólfpláss á daginn sem betur má nota í leikrými.**

## Sjálfsali sem léttir undir

Hagvís var stofnað 1985 og hefur síðan verið með umboð fyrir aðgengisstýringar utanhúss, girðingar, hlið, bómur og fleira frá Heras í Hollandi.

„Í fyrra bættist við umboð fyrir DormaKaba frá Þýskalandi með aðgangsstýringar innanhúss, og getur Hagvís því boðið upp á aðgengisstýringar frá lóðarmörkum að innsta herbergi. Þá erum við einnig með aðgangsstýringar fyrir hótelherbergi frá DormaKaba," upplýsir Ríkey.

„Vinsælasta varan frá DormaKaba er sjálfsali sem tekur á móti peningum og greiðslukortum. Hún er tilvalin fyrir ferðaþjónustuna, inn á salerni, söfn eða aðra staði þar sem greiða þarf fyrir þjónustuna. Eigandi sjálfsalans getur síðan ráðstafað því sem greitt er í aðgangseyri," segir Ríkey og við má bæta að Hagvís þjónustar að sjálfsögðu alla sjálfsala frá DormaKaba.

Hagvís er að Fossaleyni 16, 112 Reykjavík. Sími 460 1706. Sjá nánar á hagvis.is og á Facebook undir Hagvís Húsgögn.



**Hagvís býður upp á úrval aðgengisstýringa sem geta stýrt aðgangi frá lóðarmörkum inn að innsta herbergi.**




**Sjálfsali frá DormaKaba er tilvalinn fyrir söfn, salerni og aðra staði þar sem greiða þarf fyrir þjónustuna.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


PARKETPLANKAR Á BETRA VERÐI BEINT FRÁ VERKSMIÐJU
Okkar eigin framleiðsla
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31 • 108 Reykjavík • Sími 581 2220
GSM 840 0470 • www.parketverksmidjan.is



Útlit stofunnar er hugarsmið Elsu frá a til ö og hver hlutur á sinn stað. Borðstofustólarnir eru úr Willamia á Garðatorgi en stofusófinn er gamall sófi sem nýverið var yfirdekktur með svörtu leðri. MYNDIR/ANTON BRINK




Sófinn yfirdekkti og svartmálaði kemur mjög vel út.

# Hugmyndasmiður heimilisins

## Elsa Kristín Auðunsdóttir og Þórður Kárason keyptu hús í Garðabæ nýverið. Þau hafa komið sér vel fyrir enda Elsa snillingur í að gera fínt í kringum sig og dóttirin hefur erft næmt auga móður sinnar fyrir hinu fagra.


Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is




Elsa er aðalhugmyndasmiðurinn þegar kemur að skipulagningu heimilisins og framkvæmir mikið sjálf í samstarfi við Þórð sem er pípulagningameistari. Elsa rekur kaffihúsið sitt Mom's secret café í Listasafni Íslands ásamt því að vera með opið snapp á Elsadesign.com þar sem hún sýnir þau verkefni sem hún hefur verið að vinna að. „Ég ætlaði reyndar aldrei að hafa snappið opið og nafnið var dálítið grín milli mín og vinkvenna minna af því að ég er alltaf með eitthvað, að gera upp hluti, breyta og bæta,“ segir Elsa glettin.

### Áhugsöm frá unga aldri

„Ég er stílistinn og ræð hvernig er inni hjá okkur enda er þetta mitt áhugamál og ég hef mikla ástríðu fyrir að hafa fínt í kringum mig og hef haft það frá unga aldri,“ segir Elsa og telur áhugann liggja í ættinni. „Pabbi og mamma eru vön að gera hlutina sjálf. Mamma er mikill fagurkeri líkt og systir mín og ég ólst upp við að heimilið væri alltaf fínt,“ segir Elsa sem er óhrædd við að takast á við ný verkefni. „Ég læri



Elsa Kristín er mikill fagurkeri. Hún rekur kaffihúsið Mom's Secret Café í Listasafni Íslands og er með snappið Elsadesign.com þar sem hún sýnir þau verkefni sem hún er að vinna að. MYNDIR/ANTON BRINK




Heimasætan Laufey Líf 12 ára hannaði sjálf herbergið sitt.





Svefnherbergi yngri stelpnanna er ævintýralegt. Skreytingar á veggjum minna á snæviþakin fjöll en bleikir prinsessulitir ráða ríkjum.



Eldhússkáparnir eru gamlir en voru málaðir svartir. Höldurnar eru nýjar líkt og tækin og borðplatan.



Prinsessur og ævintýri fá sinn sess í barnaherbergjunum.



Litlu stelpurnar eru með sérleikherbergi þar sem þær geta ruslað til eins og þær vilja.

bara það sem ég þarf að læra ef mig langar að gera eitthvað,“ segir hún en flestar sínar hugmyndir segist hún fá hjá sjálfri sér. „Ég bara sé fyrir mér hvernig hlutirnir eiga að vera.“

## Gert upp á hagkvæman hátt

Elsa og Þórður keyptu húsið sitt við Ásbúð í Garðabæ í febrúar og fluttu inn í byrjun maí. Tímann þar á milli nýttu þau til að láta mála, skipta um einhver gólfefni og laga það sem nauðsynlega þurfti að laga. Í sumar hafa þau haldið áfram að koma sér fyrir og eru nú orðin nokkuð sátt við árangurinn.

Eldhúsið fékk hvað mesta yfirhalningu en þó án þess að skipta um skápa. „Okkur langaði að gera eitthvað flott án þess að það kostaði of mikið enda langar okkur síðar meir að opna eldhúsið inn í stofu sem verður meiri framkvæmd,“ segir Elsa en þau máluðu innréttinguna svarta, tóku niður efri skápa, settu nýjar borðplötur, höldur, vask og tæki. „Fólk trúir því ekki að þetta sé gamla innréttingin.“

Skipt var um gólfefni í svefnherbergjum og skipt um hurðir. Stofan var aðeins máluð en svo hefur Elsa dundað sér við að raða saman fallegum hlutum, gömlum og nýjum. „Ég hef gaman af því að blanda saman nýju og gömlu,“ segir hún og tekur sem dæmi fallegan sófa. „Þennan keyptum við notaðan, lökkuðum viðinn svartan og létum yfirdekkja með svörtu leðri.“

## Hannaði herbergið 12 ára

Saman eiga þau Þórður tvær dætur, þriggja ára og níu mánaða, og fyrir átti Elsa dóttur, Laufeyju Líf, 12 ára, sem hefur erft næmt auga móður sinnar. „Hún hefur mjög sterkar skoðanir á hvernig hlutirnir eigi að vera í herberginu hennar. Hún útbjó lista yfir hvernig hún vildi skipuleggja það, valdi liti, húsgögn og skraut og ég fékk engu að ráða,“ segir Elsa og hlær. Hún er afar stolt af dótturinni enda útkoman afar flott.



Elsa hefur gaman af því að finna skrautmuni sem passa vel inn í rýmið.

## Sérleikherbergi er snilld

Tvær yngri dæturnar deila svefnherbergi. „Þar var markmiðið að hafa allt sem krúttlegast og prinsessulegast. Ég vildi hafa smá ævintýraþema og fékk því málarann til að útbúa fjöll með snjó á veggina,“ segir Elsa en barnaherbergin eru tvö, í öðru er sofið en í hinu leikið. „Þetta er sniðugt fyrirkomulag því þá er alltaf fínt í svefnherberginu og ekki verið að leika sér eins mikið uppi í rúmi.“

## Skemmtilegt eilífðarverkefni

Þó ýmislegt sé búið að framkvæma er margt eftir. „Nú er verið að mála húsið að utan. Næsta sumar skiptum við um þakkant og tökum garðinn í gegn hjá okkur. Svo langar mig að taka svefnherbergið mitt í gegn og skipta um teppi á stigapalli. Verkefnin eru endalaus en maður verður að forgangsraða,“ segir Elsa sem hlakkar til að takast á við þetta skemmtilega eilífðarverkefni.



# Tímalaus hönnun er best

Gunnlaugur Helgason eða Gulli Helga hefur í nóg að snúast þessa dagana við gerð tólf heimilisþátta fyrir Stöð 2 auk þess sem hann stýrir morgunþætti Bylgjunnar með Heimi Karlssyni.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is


Gulli Helga og Guðmundur Árni Árnason við vinnu í þáttunum Gulli byggir á Stöð 2.

Gulli segir að meðan þættirnir hans, Gulli byggir, séu í vinnslu hafi hann ekki mikinn tíma til annarrar smíðavinnu. Þættirnir séu tímafrekir í vinnslu. „Sólarhringurinn minn er oft ansi athyglisverður,“ segir hann. „Ég starfa eingöngu sem smiður í þáttunum þessar vikurnar en tek ekki að mér önnur verkefni. Fólk er oft að framkvæma á kvöldin og um helgar og ég þarf að elta þess tíma. Einnig þarf ég að reka á eftir iðnaðarmönnum því allt þarf þetta að ganga upp,“ segir Gulli en fyrsti þátturinn fór í loftið á mánudagskvöldið. „Þetta er mikil vinna meðan á þessu stendur,“ segir Gulli sem heimsótti leikarahjónin Björk Jakobsdóttur og Gunnar Helgason í fyrsta þætti. Þau tóku efri hæðina í húsi sínu í gegn með góðum árangri.

Gulli vaknar virka morgna kl. 5.30 til að mæta í Ísland í bítið. „Ég er búinn að vera með Bítið í fjögur og hálft ár svo þetta er farið að venjast. Mér þótti erfitt fyrsta árið að vakna svona snemma enda er ég B-týpan. Núna finnst mér eiginlega betra að vakna kl. 5.30 en klukkan sjö. Ég reyni að komast í rúmið klukkan tíu á kvöldin og svo tek ég mér 20 mínútna lúr í hádeginu. Geimferðastofnunin NASA komst að því við rannsókn vegna hvíldartíma geimfara að 27 mínútna lúr væri hámark til að viðhalda orku. Ég fer eftir því,“ segir Gulli sprækur.

Þegar hann er spurður um eftirlætisverkfæri smiðsins, svarar hann: „Það er leatherman, leðurbelti sem maður hengir verkfærin á. Við smiðirnir þurfum að hafa alls kyns verkfæri við höndina, hamarinn, tommustokk, blýant og þess háttar. Nú eru borvélar orðnar svo léttar að þær hanga utan á manni líka,“ segir Gulli og bætir við að mikil bylting hafi orðið í gerð borvéla á undanförnum árum. „Þær eru öflugar en samt mjög léttar.“

Gulli segist ekki vera öflugur í smíðavinnu heima. „Maður er eiginlega búinn að fá nóg þegar heim er komið. Ég bý í raðhúsi sem var byggt árið 1972 og hef verið að taka það í gegn smám saman undanfarin ár. Ég þarf að taka baðherbergi í gegn hjá mér en það verður ekki fyrr en þættirnir klárast. Við tókum eldhúsið í gegn árið 2005 en tískan í innréttingum hefur breyst mikið síðan þá. Ég segi nú alltaf við fólk að velja klassískar innréttingar því þær þurfa að standa lengi,“ segir Gulli. „Núna eru hvítar innréttingar mest áberandi.“

> „Við smiðirnir þurfum að hafa alls kyns verkfæri við höndina, hamarinn, tommustokk, blýant og þess háttar. Nú eru borvélar orðnar svo léttar að þær hanga utan á manni líka.



Í þáttunum tekur hann að sér sjö mismunandi verkefni. „Við breytum fjósi í íbúð í Hálsasveit, tökum hús í gegn í Reykjanesbæ og í Hlíðunum, breytum lítilli kompu í herbergi í miðbænum svo eitthvað sé nefnt,“ útskýrir hann. Fólk sækir um að komast í þáttinn til Gulla og verkefnin eru valin með framleiðsludeild Stöðvar 2. Gulli segir að fólk þurfi að borga fyrir allar breytingar enda fást engir iðnaðarmenn til að vinna frítt. „Þeir þurfa að vinna fyrir salti í grautinn eins og aðrir. Svona breytingar verða líka oft mun meiri en gert er ráð fyrir í upphafi.“

Þættir eins og Gulli byggir hafa verið vinsælir víða um heim og nokkrir eru sýndir á sjónvarpsstöðinni Fine Living.


Gulli segir að verkfæri hafi breyst. Borvélar núna séu bæði öflugar og léttar.




TIMEOUT
HAUSTTILBOÐ
STÓLL + SKEMILL
kr. 286.000
Listaverð kr. 357.600
LÍNAN
Bæjarlind 14 - 16 | 201 Kópavogi
Sími 553 7100 | linan.is | / linanehf | / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 27. SEPTEMBER 2017

Kynningar: A4, Penninn, Múlalundur



## Borð fyrir betri líkamsstöðu

Áhersla á breytilega líkamsstöðu og heilbrigt vinnuumhverfi hefur aldrei verið meiri en nú. A4 mælir með rafdrifnum borðum til að forðast of mikla kyrrsetu yfir daginn. →2



Sýningarsalur A4 fyrir skrifstofuhúsgögn er í Skeifunni. Þar eru til sýnis vörur frá húsgagnabirgjum sem sérhæfa sig í valkostum og hönnun til að skapa besta möguleikann á sveigjanlegu og breytilegu vinnuumhverfi.







Það er nauðsynlegt að standa upp af stólnum nokkrum sinnum á dag og þá koma hækkanlegu rafmagnsborðin frá A4 sterk inn.

Frá náttúrunnar hendi er ekki heppilegt fyrir okkur að sitja of mikið. Við eigum að vera á sífelldri hreyfingu allan daginn og forðast kyrrsetu eftir fremsta megni. Þeir sem vinna skrifstofuvinnu ættu því að nota hvert tækifæri til að standa upp en á of mörgum vinnustöðum má sjá önnum kafið starfsfólk, einbeitt í sínum verkefnum, sem nær vart að líta upp.

A4 fékk sjúkraþjálfarann Svan Snæ Halldórsson, Dip. Ostepractic sjúkraþjálfun, Cert. DN, Cert. SMT, hjá ÁS Sjúkraþjálfun til að fræða okkur aðeins um mikilvægi þess að standa upp af stólnum okkar nokkrum sinnum á dag. Svanur segir m.a. að slæm líkamsstaða við tölvuna setji mikið álag á hrygginn, sérstaklega háls og mjóbak, og valdi oft miklum vanda, stífni í vöðvum og liðum með tilheyrandi verkjum í hálsi, höfði, öxlum og mjóbaki. „Einnig veldur setstaða og kyrrstaða auknu álagi á hryggþófa, sem getur valdið útbungunum eða brjósklosi. Hreyfing er líkamanum nauðsynleg og hefur hún góð áhrif á hjarta og æðakerfi og vinnur gegn mörgum af þeim lífsstílssjúkdómum sem hrjá okkur. Fjölbreytt vinnuaðstaða og almenn hreyfing er því mikilvægur þáttur í að hugsa vel um heilsuna."

## Þarf að standa upp

Hjá A4 eru fáanleg rafmagnsborð á góðu verði, í nokkrum stærðum og gerðum, sem henta hverjum starfsmanni og hvaða starfsstöð sem er. „Auk þeirra má finna fleiri vörur sem aðstoða þegar hugað er að heilsunni, t.d. mismunandi gerðir af skrifborðsstólum sem henta mismunandi vinnuaðstöðu," bætir Arna Hagalíns, vörustjóri húsgagna hjá A4 við.

Það er nauðsynlegt að standa upp af stólnum nokkrum sinnum á dag, minnir Svanur á. „Því lengri tíma sem þú eyðir í kyrrsetu og síendurteknum hreyfingum, því meira eykur þú líkur á álagsmeiðslum á hálsi, öxlum, axlagrind og mjóbaki. Einstaklingur sem vinnur skrifstofustarf og situr þar í 8-9 tíma á dag er ekki að fara vel með líkama sinn."

Að sögn Valgerðar Vigfúsdóttur, verkefnastjóra söluviðs A4, og Sigurveigar Ágústsdóttur, viðskiptastjóra fyrirtækjaþjónustu A4, eru hækkanleg rafmagnsborð orðin algengari en áður. „Þau skipta gríðarlega miklu máli fyrir heilsuvænan vinnustað því það er lykilatriði að starfsfólki líði vel og njóti sín í starfi. Húsgögnin okkar hjálpa til við að gera vinnuumhverfið fallegt og hvetjandi."

Nánari upplýsingar má finna á www.a4.is.



Hækkanleg rafmagnsborð verða æ algengari og skipta gríðarlega miklu máli fyrir heilsuvænan vinnustað.

> Hreyfing er líkamanum nauðsynleg og hefur hún góð áhrif á hjarta og æðakerfi og vinnur gegn mörgum af þeim lífsstílssjúkdómum sem hrjá okkur.



Frá náttúrunnar hendi er ekki heppilegt fyrir fólk að sitja of lengi. Þeir sem vinna skrifstofuvinnu ættu að nota hvert tækifæri til að standa upp og nýta sér hæðarstillanleg rafmagnsborð og fjölbreytta líkamsstöðu á vinnutíma.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is


Stilltu þig!
1.290,-/stk.
TERTIAL vinnulampar
53.900,-/stk.
BEKANT rafknúin skrifborð
B160×D80, H65-125cm
27.450,-
VOLMAR skrifborðsstóll
© Inter IKEA Systems B.V. 2017
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# Fá ekki nóg af hvort öðru

Hjónin Guðmundur Gunnarsson og Þórhalla Maggý Sigurðardóttir eyða öllum vinnudögum saman á skrifstofu fyrirtækis síns, Ice Group í Keflavík. Þau eru samstiga vinir í hjónabandinu, hafa enn ekki rifist í vinnunni og segja dýrmæt forréttindi að mega eiga sem flesta daga saman.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Guðmundur, eða Mummi eins og hann er jafnan kallaður, stofnaði fyrirtækið Ice Group utan um útflutning á sjávarafurðum árið 1997. Ári síðar kom Halla inn í líf hans og saman gengu þau í heilagt hjónaband.

„Mér fannst aldrei neitt spursmál að vinna með Mumma,“ segir Halla sem vann vaktavinnu í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli áður en hún hóf störf hjá eiginmanninum árið 2003.

„Okkur Mumma fannst við ekki hittast nóg og því hentaði vaktavinnan ekki lengur. Ég vann alltaf aðra hverja helgi og það þótti okkur of mikil fórn í hjónabandinu. Það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt svo ég ákvað að breyta til og prófa að vinna hjá Mumma, þrátt fyrir að hafa aldrei unnið á skrifstofu fyrr né setið á rassinum allan daginn. Það kom á óvart hvað vinnan var skemmtileg og ég er hér enn, fjórtán árum síðar,“ segir Halla, sem sér um tollskýrslugerð og útflutningspappíra á skrifstofu Ice Group, þar sem Mummi er framkvæmdastjóri.

„Við hjónin erum samstíga, samhent og einhuga. Það hefur mikið að segja. Við erum líka mjög góðir vinir og ætli það sé ekki vegna vináttunnar sem þetta hefur gengið eins og í sögu. Við höfum allavega ekki fengið nóg af hvort öðru þótt við séum alltaf saman og ég hef aldrei upplifað þá tilfinningu. Auðvitað er fullt af fólki sem botnar ekkert í því hvernig við getum verið saman dagana langa, en í okkar tilfelli er það mjög auðvelt; við vinnum saman og erum í hestunum saman,“ segir Halla.

Mummi er fæddur og uppalinn í Sandgerði en Halla í Keflavík, þar sem þau hjónin búa og starfa. Þau eru einnig með annan fótinn á hestabúgarði sínum á Litla-Landi í Ásahreppi í Rangárvallasýslu.

„Okkur hjónin vantaði sameiginlegt áhugamál inn í hjónabandið. Mummi hafði verið í hestum á yngri árum og þegar hann spurði mig hvort ég væri til í að prófa hestamennsku árið 2006, ákvað ég að slá til. Ég hafði þá aldrei farið á hestbak en hef svo sannarlega ekki séð eftir því. Nú fer frítími okkar mestmegnis í hestana og förum við allar helgar og öll sumarfrí austur á Litla-Land,“ segir Halla, en hrossin koma til Keflavíkur þegar haustar.



Hjónunum Guðmundi Gunnarssyni og Þórhöllu Maggý Sigurðardóttur þykja það forréttindi að mega eiga sem flestar samverustundir í lífi, starfi og leik.

„Það eru samantekin ráð að tala ekki um vinnuna þegar vinnudegi lýkur og það hefur tekist mjög vel. Á kvöldin erum við hjónin heimakær og reynum ekkert að splitta okkur sitt í hvora áttina heldur förum bara í hestagallann og í hesthúsið,“ segir Halla, en þau Mummi eiga fjögur börn og sex barnabörn, þar af eitt sem er með þeim í hestamennskunni.

„Vitaskuld er þetta ekkert alltaf hallelúja en kostirnir eru miklu meiri en gallarnir og við rífumst aldrei í vinnunni,“ segir Halla, en þá gellur í Mumma: „Ekki enn þá!“ og þau hjónin skella upp úr.

„Ég mæli hiklaust með því að hjón vinni saman ef þau eru góðir vinir í hjónabandinu,“ segir Halla. „Mér finnst mikill kostur að geta verið með Mumma allan daginn og það er alveg frábært að vinna með honum. Flestir vinna allan daga frá sínum nánustu og koma svo þreyttir heim á kvöldin. Því eru það forréttindi að geta átt fleiri samverustundir en ella og notið lífsins saman í starfi og leik. Ég vildi allavega ekki snúa aftur í gamla farið eftir þessa góðu reynslu sem við hjónin höfum af því að vinna saman og stunda áhugamál okkar saman.“




Starfsfólk fyrirtækjaþjónustu Pennans hefur áralanga reynslu af því að þjónusta fyrirtæki og stofnanir. MYND/HANNA

# Þjónustan ávallt í fyrirrúmi

## Góð og lipur þjónusta er aðalsmerki fyrirtækjaþjónustu Pennans sem í tuttugu ár hefur þjónustað fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Við leggjum áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina okkar, koma til móts við óskir þeirra og geta brugðist hratt við þegar vörur eru pantaðar,“ segir Jóhann Gunnarsson, sölustjóri hjá fyrirtækjaþjónustu Pennans. „Fyrirtækjaþjónustan verður tuttugu ára í ár og við höfum því áratuga reynslu í því að veita fyrirtaks þjónustu til fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, allt frá stærstu fyrirtækjum landsins, minni fyrirtækjum og stofnunum niður í einyrkja.“

### Ný vefsíða eykur möguleika

Ýmsar leiðir eru færar til að panta vörur hjá Pennanum. „Hægt er að fá sölumenn okkar á staðinn, hringja í þjónustuverið eða mæta í verslanir okkar. En einnig hefur færst töluvert í vöxt að fólk kjósi að versla í gegnum netið,“ segir Jóhann en fyrr á þessu ári var opnuð ný, stærri og betri vefverslun á www.penninn.is. „Vefurinn er útbúinn mjög öflugri leitarvél og mörgum þykir afar þægilegt að nota vefinn til að versla.“

### Viðgerðarþjónusta og stólaverkstæði

Jóhann segir viðskiptavini sína leggja mikið upp úr því að fá góða þjónustu, ekki síst að loknum kaupum. „Fólk er að kaupa verðmæti og vill fá góða eftirfylgni ef eitthvað kemur upp á. Því erum við með stólaverkstæði ef eitthvað amar að skrifstofustólunum og viðgerðarþjónustu fyrir til dæmis kaffivélarnar sem við leigjum fyrirtækjunum.“

### Breitt vöruúrval

Vöruúrvalið er sannarlega breitt hjá Pennanum og þær fæst allt sem þarf til að reka skrifstofur. „Við erum með allt frá pennum, borðum og stólum upp í rekstrarvörur, tölvurekstrarvörur og kaffi,“ segir Jóhann. Fundarherbergi spila stóran þátt í flestum skrifstofum og þar er ekki komið að tómum kofanum frá Pennanum sem býður upp á fjölbreyttar lausnir á snertiskjáum og öðrum búnaði fyrir fundarherbergi.

Lögð er áhersla á gæði í vörunum sem boðið er upp á hjá Pennanum. „Við erum bæði með ný og flott merki en einnig vörumerki sem við höfum haft í marga áratugi og erum stolt af,“ segir Jóhann. Hann nefnir sem dæmi Leitz sem er þekkt fyrir bréfabindi, heftara, gatara, hleðslubanka og þráðlausa hátalara. „Legamaster er annað gæðamerki sem býður upp á tússtöflur og snertiskjái og svo erum við með Kinnarps í stólum og húsgögnum og Herman Miller sem er þekkt merki í skrifstofustólum.“

### Skrifstofurými í þróun

Á þeim tuttugu árum sem fyrirtækjaþjónusta Pennans hefur starfað hafa orðið miklar breytingar á skrifstofurýmum. Í stað lokaðra skrifstofa eru opin rými nú algengust og þeim fylgja allt aðrar kröfur á húsgögn og þjónustu en áður. „Við fylgjumst vel með breytingum á skrifstofumenningunni og höfum tekið þátt í mikilli þróun. Sumar vörur hafa ekkert breyst, aðrar dottið út og enn aðrar þróast mikið,“ segir Jóhann.

Hann tekur sem dæmi að um þessar mundir séu vinsæl svokölluð standandi fundarherbergi. „Það eru framtíðarfundarherbergi þar sem haldnir eru örfundir þar sem fólk stendur í stað þess að sitja. Við erum með lausnir fyrir slík rými.“

Meðal annarra nýjunga nefnir Jóhann aukið úrval Pennans á hleðslubönkum og viðlíka græjum. „Það færist æ meir í vöxt að starfsfólk vinnur á símana sína, spjaldtölvur eða fartölvur, og þarf þá að vera mikið á ferðinni. Þar koma hleðslustöðvar sterkt inn.“

### Þjónusta um allt land

Penninn rekur verslanir í Vestmannaeyjum, Keflavík, Akureyri, Ísafirði, Akranesi, Húsavík og nokkrar á höfuðborgarsvæðinu. Því er lítið mál að þjónusta fólk um allt land. „Við sendum út um allt land og þegar fyrirtæki panta hjá okkur fá þau vöruna senda upp að dyrum ásamt glaðningi,“ segir Jóhann en í hverjum mánuði er einnig boðið upp á skemmtilegan kaupauka.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.penninn.is




USB orkubanki fyrir farsíma og spjaldtölvur hleður tvö tæki í einu.




Leitz Complete er „mini“ hátalari með þráðlausri Bluetooth-tengingu. Þrátt fyrir að vera lítill eru hljómgæðin frábær. Á hátalaranum er hljóðnemi og hentar hann því fyrir fundina, í bústaðinn eða útileguna.

# RAFMAGNSBORÐ

Bjóðum upp á rafmagnsborð frá 3 framleiðendum í fjölda stærða og lita.



**A6**

Stakir fætur með tveim mótorum og minnisstýringu. Passa með öllum110 cm til 200 cm löngum plötum.

TILBOÐSVERÐ

**74.900 kr.**

**PRIMA**
RAFMAGNSBORÐ

VERÐ FRÁ:

**56.000,-**

**eMODEL**
RAFMAGNSBORÐ

VERÐ FRÁ

**129.900,-**

NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16

# Hirzlan

*GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR*

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# TENTO SKÁPAR OG HIRZLUR

1 **MÖPPUHILLA** 80 X 154,5
**51.900 kr.**

2 **TVÍSKIPTUR SKÁPUR** 80 X 189,5
**79.900 kr.**

3 **SKÁPUR** 80 X 222,5
**89.900 kr.**

4 **RENNIHURÐA SKÁPUR** 120 X 82,5
**72.900 kr.**

5 **FLETTIHURÐA SKÁPUR** 120 X 115,5
**104.900 kr.**

6 **SKÁPUR** 80 X 115,5
**58.900 kr.**



# FRÁBÆR TILBOÐSVERÐ Í SAMVINNU VIÐ

wagner

**ÞÝSK HÖNNUN
EINSTÖK GÆÐI**

**Fagaðilar mæla eindregið með Wagner**

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIROPRAKTOR STOFA ÍSLANDS



-35%

ERGOMEDIC 100-2
199.900 kr.
**129.900 kr.**

Höfuðpúði seldur sér

Dondola®

**Einu stólarnir með**

## 360° Dondola veltitækninni

**10 ára ábyrgð***



-35%

ERGOMEDIC 100-3
169.900 kr.
**109.900 kr.**

360°
VELTITÆKNI

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

# SITJUM Á HREYFINGU!

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar

# KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU



-35%

ALUMEDIC 15
234.900 kr.
**149.900 kr.**



Höfuðpúði seldur sér

-35%

ALUMEDIC 10
197.900 kr.
**127.900 kr.**



-35%

ALUMEDIC 5
196.900 kr.
**127.900 kr.**

MYNDFORM GRAFÍK

# Vinnuvistfræði í stólum

Vefsíðan IndyBest á vegum bresku Independent-fréttasíðunnar gerði úttekt á bestu vinnuvistfræðilegu skrifstofustólunum og valdi þá níu sem þóttu standa upp úr.



Stóllinn **Sayl** frá stólaframleiðandanum Herman Miller er notaður í þjálfunarbúðum British School of Osteopathy en skólinn sérhæfir sig í skekkjulækningum. Golden Gate brúin í San Francisco var hönnuðinum Yves Béhar að yrkisefni við hönnun stólsins.



**Mera Klimastuhl** frá Klöber eftir hönnuðinn Jörg Bernauer er einn frumlegasti stóllinn á listanum. Stóllinn hefur innbyggða miðstöð sem leyfir fólki að stilla hita og kælingu eftir því sem við á en notuð er tækni úr bílaiðnaðinum. Einnig er hægt að stilla stólinn á marga vegu, bæði bak, sæti og arma.



**Murray** vinnuvistfræðilegi skrifstofustóllinn frá John Lewis þykir flottur. Hann gefur góðan stuðning og er með net í bakið sem leyfir loftun. Ekki skemmir verðið sem þykir afar hagstætt. Stólinn er hægt að stilla á marga mögulega vegu.



Don Chadwick og Bill Stumpf hönnuðu **Aeron** stólinn árið 1992 en hann varð fljótlega einn söluhæsti skrifstofustóll í Bandaríkjunum. Hann þykir æði merkilegur í hönnunarsögunni enda notuðu hönnuðirnir nútíma tækni og nýstárleg efni. Stóllinn hefur nú verið endurhannaður fyrir stólaframleiðandann Hermann Miller. Til gamans má geta að þegar teiknimyndafigúran Homer Simpson fór til himna og hitti guð sat sá í Aeron stól.



**Back App** stóllinn lítur kannski ekki út fyrir að vera mjög þægilegur, en þar sem fæturnir hvíla á fótskemli á stólnum getur fólk snúið sér á alla kanta án nokkurra vandræða. Þetta þykir einnig styrkja bakvöðvana sem oft vilja slappast við setu í venjulegum stólum. Mögulega fær fólk aðeins illt í mjóbakið fyrst um sinn meðan bakið er að styrkjast en það ætti að ganga yfir á um viku.



Sæti hins skandínavíska **HÅG Capisco Puls** stóls er mótað eftir reiðhnakki. Hægt er að snúa í ýmsar áttir í stólnum. Þá er hægt að stilla stólinn nokkuð háan til að auka möguleika fólks til að tylla sér hálf standandi, auk þess sem hann passar þá vel við borð sem má hækka og lækka en þau eru orðin nokkuð vinsæl á skrifstofum. Einn kostur til viðbótar er að stóllinn er búinn til úr endurunnum stuðurum af bílum.



**Markus** stóllinn frá IKEA er með ódýrari skrifstofustólum sem þó stenst flestar þær kröfur sem gerðar eru til vinnuvistfræðilegra skrifstofustóla sem henta jafnt almennum starfsmönnum og forstjórum. Býður upp á góðan stuðning, netið í bakið gefur góða loftun og hann má stilla á marga vegu. Hann fær einnig plús fyrir góðan stuðning við höfuð. Hins vegar þarf að setja hann saman sjálfur … að sjálfsögðu.



**Pacific** stóllinn frá Vitra var hannaður af Barber og Osgerby árið 2016. Þeir höfðu tækni og vinnuvistfræði að leiðarljósi við hönnunina en lögðu einnig áherslu á nútímalegt og mínímalískt útlit enda telja margir að hér sé kominn klassískur stóll sem muni lifa vel og lengi.



**Humanscale** stóllinn er hannaður af Niels Diffrient sem er einn af frumkvöðlum í vinnuvistfræðilegri hönnun. Þetta er fyrsti stóllinn frá honum með neti í bakið. Stóllinn vegur ekki nema 11 kíló og er hann að mestu leyti búinn til úr endurunnu efni. Stóllinn lagar sig sjálfkrafa að líkamanum.

# Ekki bara möppur á Múlalundi

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, framleiðir og selur allt fyrir skrifstofuna. Á Múlalundi fær fólk með skerta starfsorku tækifæri til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins og skiptir stuðningur viðskiptavina þar sköpum. Um 70 manns með skerta starfsorku fengu að spreyta sig á síðasta ári.

„Múlalundur selur ekki bara möppur heldur allt fyrir skrifstofuna," segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar. Sigurður segir starfsemi Múlalundar standa og falla með stuðningi samfélagsins og því að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir kaupi vörur af Múlalundi, þar með talið almennar skrifstofuvörur.

„Við erum almennt samkeppnishæf og stundum ódýrari en aðrir á markaðnum. Við seljum eigin framleiðsluvörur, eins og gatapoka, plastvasa, klemmubækur, gyllingar og fleira en einnig vörur sem við kaupum annars staðar frá því þær eru líka mikilvægur fjárhagslegur styrkur fyrir starfsemina. Viðskiptavinir okkar eiga almennt ekki að þurfa að fara annað eftir almennum skrifstofuvörum."

## Ný vefverslun

Múlalundur tók nýlega í gagnið nýja vefverslun á heimasíðu sinni mulalundur.is. „Þar geta viðskiptavinir valið úr miklum fjölda vara og kemur bæði úrval og verð flestum á óvart," segir Sigurður. „Ferlið er einfalt, viðskiptavinir panta í gegnum vefinn eða beint frá okkur og við sendum vörurnar almennt til þeirra daginn eftir. Sé pöntunin yfir 16 þúsund krónum sendum við frítt um allt land. Fyrir smærri pantanir er sendingargjald."

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna til að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir reksturinn. „Við erum til að mynda opin fyrir því að taka að okkur hluta úr framleiðslu fyrirtækja, jafnt rótgróinna sem sprotafyrirtækja sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og allt það sem kallar á mikla handavinnu. Þannig tökum við að okkur fjölbreytt verkefni til lengri og skemmri tíma," segir Sigurður og nefnir ýmis dæmi. „Framhaldsskólar og háskólar láta okkur framleiða fallegar kápur utan um prófskírteini útskriftarnema sem gera gögnin eigulegri og útskriftina að meiri viðburði. Þá hefur ferðaþjónustan komið sterkt inn með framleiðslu á upplýsingamöppum fyrir hótelherbergi, flottum kápum utan um matseðla þar sem merki veitingastaðarins er gjarnan þrykkt í kápuna og fleira. Bókaforlög láta einnig framleiða plastkápur utan um ferðabækur og ferðakort til að auka endingu þeirra. Öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meiru til er sinnt af starfsfólki Múlalundar."

Sigurður segir langtímaverkefni mjög mikilvæg fyrir starfsemi Múlalundar. „Múlalundur setur til dæmis saman fylgigögn með greiðslukortum Landsbankans og Valitor, verkefni sem Múlalundur hefur séð um í mörg ár."



Sigurður Viktor segir að ánægjulegt að horfa upp á einstaklinga byggja sig upp á Múlalundi. MYNDIR/VILHELM



Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS.



Störf á Múlalundi gefa mörgum, sem annars væru heima aðgerðarlausir, tækifæri til að spreyta sig og taka þátt í að skapa verðmæti.

## Öllum mikilvægt að vinna

Á síðasta ári greiddi Múlalundur um 100 milljónir í laun og skapaði varanleg störf fyrir yfir fjörutíu manns með skerta starfsorku auk þess sem aðrir fjörutíu fengu tækifæri til að spreyta sig í fjögurra vikna vinnuprufum sem hjálpar fólki að komast af stað eftir langvarandi veru frá vinnumarkaði.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta sinna tekna sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fyrir fólk með skerta starfsorku. Starfsemin stendur því og fellur með viðskiptavinum okkar," segir Sigurður. „Í dag eru mörg fyrirtæki að standa sig vel á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Einföld leið til að flétta samfélagslega ábyrgð við daglega starfsemi er að kaupa skrifstofuvörur og fleira af Múlalundi."

Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS með stuðningi Happdrættis SÍBS. Þúsundir hafa fengið annað tækifæri og öðlast aukið sjálfstraust og starfsorku eftir störf hjá Múlalundi.

## Virkir á vinnumarkaði

„Góð samvinna er á milli Múlalundar og Reykjalundar, sem er einnig rekinn af SÍBS. Þá er Múlalundur í samvinnu við Vinnumálastofnun og ræður fólk til vinnu af biðlistum, en umsækjendur geta þurft að bíða lengi á biðlista áður en þeir komast að. Öll aðstaða er til staðar til að taka á móti mun fleira starfsfólki en aukin viðskipti og verkefni eru forsenda fjölgunar starfa," segir Sigurður og bætir við að markmiðið sé að sem flestir séu virkir á vinnumarkaðnum.

Hjá Vinnumálastofnun eru til staðar úrræði sem styðja fyrirtæki í að taka við fólki með fötlun út á vinnumarkaðinn eftir starfsendurhæfingu hjá Múlalundi. Störf á Múlalundi gefa mörgum, sem annars væru heima aðgerðarlausir, tækifæri til að spreyta sig og taka þátt í að skapa verðmæti.

„Fólki er mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu og vera virkt í samfélaginu. Bakgrunnur starfsfólks Múlalundar er margvíslegur og margir þurfa að takast á við krefjandi veikindi eða fötlun, andlega eða líkamlega, í kjölfar slyss eða veikinda. Máltækið „Það þarf þorp til að ala upp barn" á vel við um Múlalund en starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar þar sem hver króna skiptir máli."

Sigurður segir ánægjulegt að horfa upp á einstaklinga byggja sig upp á Múlalundi eftir erfið veikindi eða slys. „Á Múlalundi eru þeir þátttakendur á vinnumarkaði sem er sameiginlegur árangur þeirra sjálfra, Múlalundar og viðskiptavina."

Sjá nánar á mulalundur.is.


Láttu gott af þér leiða þegar þú kaupir skrifstofuvörur
Vörur frá Múlalundi skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku





Allt fyrir skrifstofuna
Þú pantar og færð vörurnar sendar daginn eftir

Takk fyrir að versla við Múlalund

Múlalundur Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur 270 Mosfellsbær
mulalundur@mulalundur.is
Sími 562 8500
www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

# Útiskrifstofa á leynistað

Fernando Abellanas, sjálflærður húsgagna- og ljósahönnuður hefur komið sér upp allsérstöku skrifstofurými, á færanlegum palli undir steinsteyptri brú í borginni Valencia.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Undir dynjandi umferðarnið Valenciaborgar á Spáni situr Fernando Abellanas og hannar ljós og húsgögn á útiskrifstofunni sinni. Skrifstofan er undarlega staðsett en hún hangir í margra metra hæð undir steinsteyptri brú.

Í umfjöllun á vefsíðunni dezeen.com vill hönnuðurinn ekki gefa upp nákvæmlega hvar skrifstofan hans er staðsett. Hann segist oft langa til að teikna kofa eða afdrep á fáförnum eða vanhirtum stöðum og burðarvirkið undir þessari brú hafi strax kveikt með honum hugmynd um hvernig hægt væri að nota það sem loft og veggi, hann þyrfti einungis að búa til gólf. Það tók hann tvær vikur að hanna og smíða einfaldan pall úr járnprófílum og krossviðarplötum. Pallurinn rennur á hjólum eftir burðarbitunum undir brúnni og knúinn áfram með sveif. Upp í pallinn kemst hann við hinn enda brúarinnar.

**» Á skrifstofunni er hann með hillur, skrifborð og stól og litla gaslukt. Hann geymir sæng og kodda uppi í hillu og ef honum sýnist svo getur hann lokað hliðunum á pallinum og lagst til svefns.**

Fernando segir að með þessu nálgist hann aftur hugmyndina um leynikofa og afdrep sem krakkar útbúa sér gjarnan, til að vera í friði með sitt en samt í nálægð við heimilið. Í hans tilfelli í nálægð við hávært borgarlífið. Staðir sem þessir veki yfirleitt ekki athygli fólks og fari fram hjá flestum.

Á skrifstofunni er hann með hillur, skrifborð og stól og litla gaslukt. Hann geymir sæng og kodda uppi í hillu og ef honum sýnist svo getur hann lokað hliðunum á pallinum og lagst til svefns.



Fernando Abellanas hannar ljós og húsgögn á vinnustofu sinni sem hangir í margra metra hæð undir brú. MYNDIR/ JOSE MANUEL PEDRAJAS



Fernando geymir sæng og kodda uppi í hillu og getur gist á skrifstofunni þegar honum sýnist.



Hægt er að loka öllum hliðum á skrifstofunni til að fá næði.



Aðstaðan virðist nokkuð þægileg undir brúnni.



# 30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum





Hæðarstillanleg rafdrifin borð stuðla að betri líkamsstöðu og bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is



## Nauðsynlegt að teygja úr sér

Teygjuhlé fyrir börn og unglinga er tölvuforrit sem minnir fólk á að taka sér reglulega hlé frá tölvuvinnu eða annarri kyrrsetu og teygja úr sér. Þó það sé að heitinu til fyrir börn og unglinga gagnast það skrifstofufólki á öllum aldri.

Forritið byggist á vinnuvistfræði og nýtist sem forvörn gegn álagsmeiðslum í stoðkerfi. Forritið, sem er bandarískt, var hannað af hópi sérfræðinga á heilbrigðissviði. Teygjurnar eru tuttugu talsins og hreyfimyndir, ásamt skýringartexta, sýna hvernig gera á hverja teygju. Hvert teygjuhlé tekur aðeins um 1-2 mínútur, eftir því hversu margar teygjur eru valdar.

Teygjurnar beinast að þeim svæðum stoðkerfisins sem eru viðkvæmust fyrir álagsmeiðslum eins og hálsi, öxlum, örmum, úlnliðum, höndum, baki og fótleggjum. Í forritinu eru einnig æfingar fyrir augu.

Grunnstilling fyrir hvert teygjuhlé eru þrjár teygjuæfingar, með 30 mínútna hléi á milli, en auðvelt er að breyta tímastillingunum. Æfingarnar er ýmist hægt að gera sitjandi eða standandi.

Forritið er að finna á heimasíðu landlæknis, landlaeknir.is.



## Streita er hættuleg

Vinnan þín getur sagt til um heilsufarsástand. Mikið álag í vinnu getur haft mjög slæm áhrif á heilsuna. Þegar fólk fær sveigjanlegan vinnutíma virðist það vera í betra formi og heilsuhraustara, samkvæmt bandarískri rannsókn sem birt var í Personnel Psychology. Mikið vinnuálag getur verið hættulegt heilsu fólks.

Rannsóknin náði yfir sjö ár en fylgt var 2.000 manns um sextugt. Skoðað var hversu langan vinnudag fólk vann, álagspunkta í starfinu og ákvarðanatöku gagnvart verkefnum. Rannsóknin fór fram meðal íbúa Wisconsin og var unnin af Kelley School of Business við Indianaháskóla.

Greinilegt þykir að mikil streita í starfi hefur mjög neikvæð áhrif á heilsu starfsmanna. Það getur sömuleiðis valdið streitu og álagi ef fólki er ekki treyst fyrir krefjandi verkefnum. Aukin áhrif í starfinu hafa góð áhrif á starfsmenn. Í ljós kom að starfsmenn, sem voru ekki með nægilega treyst í starfinu, áttu frekar í vandamálum með offitu en þeir sem höfðu áhrif á vinnustað. Mögulegt þykir að fólk sem ekki getur stjórnað vinnu sinni leiti frekar í óhollustu.

## Hæstu og stærstu skrifstofubyggingar heims

Taipei 101 fjármálamiðstöðin í Taívan er ein hæsta skrifstofubygging heims. Byrjað var að byggja húsið 1999 og lauk framkvæmdum árið 2004. Taipei 101 er 509 metrar að hæð og var allt til ársins 2010 hæsta bygging í heimi eða þar til Burj Khalifa turninn í Dúbaí var reistur. Hann er um 830 metra hár og hýsir hótel og íbúðir. Almas turninn er aftur á móti hæsta skrifstofubygging Dúbaí. Turninn er 360 metra hár og hönnun hans á að minna á lögun demanta. Petronas tvíburaturnarnir í Kúala Lúmpúr í Malasíu voru hæstu byggingar í heimi á árunum 1998-2004 og annar turninn hýsir skrifstofur. Þeir halda enn titlinum hæstu tvíburaturnar heims. Þá er Pentagon, sem hýsir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, sú skrifstofubygging sem er ein sú stærsta að flatarmáli, eða 116 þúsund fermetrar. Byggingin hýsir um þrjátíu þúsund manns og innan hennar fara um 27 kílómetrar aðeins undir ganga.



Taipei 101 er hæsti skrifstofuturninn í Taívan.


SKRIFSTOFUHÚSGÖGN





GLÆSILEGT ÚRVAL OG FRÁBÆRT VERÐ







ALHLIÐA LAUSNIR



SYRUSSON

Syrusson Hönnunarhús

Síðumúla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is


MÚRBÚÐARVERÐ
wineo
EUROWOOD
DON FLOORING
Hágæða gólfefni
Harðparket: 8 mm verð frá 1.390 kr. m²
10 mm verð frá 2.480 kr. m²
12 mm verð frá 2.990 kr. m²
Vínilparket: 5 mm verð 4.490 kr. m²
Undirlag: Verð frá 120 kr. m²
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Þórunn, Örn, Ásta og Kristján aðstoða þig við að hanna draumainnréttinguna frá JKE DESIGN.


Innréttingarnar frá JKE DESIGN hafa verið mjög vinsælar í Danmörku allt frá því að þær komu fyrst á markaðinn árið 1970.


JKE DESIGN er með fallegar innréttingar fyrir þvottahúsið. MYND/HANNA

# JKE DESIGN innréttingar fást í BYKO

„Hjá BYKO í Breiddinni fást nú innréttingar frá JKE DESIGN en það er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í innréttingum í hæsta gæðaflokki. JKE DESIGN er með innréttingar fyrir eldhús, baðherbergi og þvottahús og að auki skápa og rennihurðir,“ segir Ásta Sigurðardóttir, ráðgjafi og stílisti hjá BYKO.

Innréttingarnar frá JKE DESIGN hafa verið mjög vinsælar í Danmörku allt frá því þær komu fyrst á markaðinn árið 1970. „Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á vandað handbragð og hugað er að hverju smáatriði. JKE DESIGN býður einnig upp á góðar lausnir sem gera vinnuna í eldhúsinu auðveldari og skemmtilegri og reglulega koma fram spennandi nýjungar þar sem þægindi eru í fyrirrúmi,“ segir Ásta. Hún starfar með einvalaliði hönnuða hjá BYKO sem sjá um að hanna eldhús, baðherbergi eða þvottahús að óskum hvers og eins.

## Draumaeldhúsið í BYKO

„Hjá JKE DESIGN fær viðskiptavinurinn draumainnréttinguna hvort sem er fyrir eldhúsið eða baðherbergið. Við hjá BYKO bjóðum upp á einstaklega góða þjónustu og hver og einn fær þá innréttingu sem hann óskar sér því hún er hönnuð algjörlega að hans óskum,“ segir Ásta. „Hjá JKE DESIGN fást æðislegir búrskápar, stórir tækjaskápar og hornskúffur sem ekki fást annars staðar og margar spennandi útfærslur á haldalausum innréttingum. Hægt er að fá innréttingarnar sprautulakkaðar í hvaða lit sem er og viðurinn í þær er sérvalinn svo hann hafi sama útlit og áferð,“ upplýsir Ásta og bætir við að JKE DESIGN bjóði líka upp á einfaldari innréttingar.

„Við erum með flottar innréttingar fyrir verktaka, svo sem hvítar innréttingar með plastfrontum sem eru harðgerðir og þola mikið álag,“ nefnir hún.

Hjá BYKO fást einnig hágæða borðplötur í miklu úrvali og valið stendur um stein- eða viðarplötur. „Við höfum hafið sölu á alveg möttum borðplötum frá Fenix. Þær fást í nokkrum litum, eru hitaþolnar og hægt er að laga fínar rispur með straujárni þar sem nanótækni er notuð. Falleg borðplata setur mikinn svip á heildarútlitið á eldhúsi og baðherbergi,“ segir Ásta.


JKE DESIGN býður upp á góðar lausnir sem gera vinnuna í eldhúsinu auðveldari og reglulega koma fram spennandi nýjungar.

## Allt sem tengist heimilinu

Auk JKE DESIGN innréttinga fæst allt sem tengist heimilinu í BYKO. „Ef þú kaupir innréttingu hjá okkur færðu einnig vaskinn, blöndunartækin, sturtuna, flísarnar, parket og í raun allan pakkann til að ljúka verkefninu. Það sparar ótrúlega mikinn tíma sem annars færi í að fara á milli staða. Við erum með mjög vönduð merki og það er markmið okkar að bjóða framúrskarandi þjónustu,“ segir Ásta.



Falleg og tímalaus hönnun einkennir JKE DESIGN.




Í BYKO í Breiddinni er sýningarsalur með innréttingum frá JKE og tilvalið að koma þangað og skoða úrvalið. MYND/HANNA



„Hjá JKE DESIGN fær viðskiptavinurinn draumainnréttinguna. Hver og einn fær þá innréttingu sem hann óskar sér því hún er hönnuð algjörlega að hans óskum," segir Ásta, ráðgjafi og stílisti. MYND/HANNA



Hjá JKE DESIGN fást góðir búrskápar, stórir tækjaskápar og hornskúffur svo hægt er að koma eldhúsáhöldum og -tækjum haganlega fyrir. MYND/HANNA

# Snjöll heyrn er framtíðin

ReSound Smart Hearing heyrnartæki gera fólki kleift að sinna lífi og starfi óhindrað eftir að heyrn daprast. Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn, segir mikilvægt að nýta tæknina.

Heimurinn er fullur af hljóðum sem við viljum fylgjast með – tali, hlátri, lækjarnið, fuglasöng og þyt í laufi eða hljóði frá reiðhjóli á gangbrautinni. Þegar heyrnin fer að daprast er mikilvægt að nýta sér nútímaheyrnartæki til að geta sinnt lífi og starfi óhindrað,“ segir Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn í Kópavogi. Skert heyrn hafi áhrif á daglegt líf og líðan fólks.

„Því miður gerist það að fólk fer að einangrast félagslega og getur ekki sinnt starfi sínu vegna heyrnarskerðingar. Það er í flestum tilfellum til lausn sem felst í heyrnartækjum. Háþróuð tækni tekur að fullu tillit til eðlilegs hæfileika heilans til að heyra og beina athyglinni að því sem þér finnst mikilvægt og gefur þér skýra og eðlilega tilfinningu fyrir hljóðunum í kringum þig. Í flóknu hljóðumhverfi tryggir gervigreind að þú getir einbeitt þér að því sem þú vilt án þess að missa af því sem er að gerast kring um þig,“ segir Ellisif.

„Fólk með heyrnarskerðingu er það sem allt okkar starf snýst um. Okkar margverðlaunuðu ReSound Smart Hearing heyrnartæki hjálpa þeim sem eru heyrnarskertir við að taka meiri þátt, vera betur tengdir og hafa stjórn á hlutunum. Í stöðugt „snjallari“ heimi hugsum við stórt og setjum ný viðmið svo við getum breytt lífinu með krafti hljóðsins og með hjálp heyrnarfræðinga,“ segir Ellisif.



Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn. MYND/ANTON BRINK

## Bætt heyrnarupplifun

„Þú getur stýrt og snióið virkni tækjanna eftir þínum persónulegu þörfum með nýja ReSound Smart 3D appinu svo þau virki sem best. Appið gefur einnig leiðbeiningar um heyrnartækin, með því geturðu fundið tækin ef þú manst ekki hvar þú lagðir þau frá þér og jafnvel notað fjarþjónustu heyrnarfræðings.“ Tenging heyrnartækja við farsíma var þróuð í samvinnu við tæknirisann Apple og tækin virka sem heyrnartól við símann. Nánari upplýsingar eru á www.heyrn.is.

„ReSound heyrnartækin eru svo haganlega gerð að maður verður að taka þau af sér til þess að sýna þau. Þau eru þar að auki svo þægileg að fólk gleymir því jafnvel að það sé með þau tækin,“ segir Ellisif.

Ýmsir þráðlausir aukahlutir eru í boði frá ReSound sem nota má við heyrnartækin til að heyra betur úr fjarlægð eða við háværar aðstæður. Þeir vinna með tækjunum sem ein snjöll heild, t.d. slokknar á hljóðinu frá sjónvarpinu þegar síminn hringir en kviknar aftur þegar símtali lýkur.

„Það er oft fjallað um kostnað við heyrnartæki en gleymist að fjalla um ávinninginn af því að heyra betur og að eiga snurðulaus samskipti,“ segir Ellisif. „Mikilvægt er að velja sér heyrnartæki með aðstoð heyrnarfræðings sem getur leiðbeint um val og virkni réttu tækjanna. Hafa ber í huga að hjá flestum endast heyrnartæki að meðaltali um 5 ár, tækin eru í daglegri notkun frá morgni til kvölds og því lykilatriði að fólki líði vel með tækin og geti treyst á þau. Með því að mæta í endurstillingar og að láta þjónusta heyrnartækin reglulega fæst betri heyrnarupplifun og tækin endast lengur. Þetta ferli er endurhæfing á heyrninni og tekur mislangan tíma. Því fyrr sem heyrnarskerðing uppgötvast og endurhæfing hefst, því betri árangur verður.

Ekki láta heyrnarskerðingu aftra þér. Taktu til þinna ráða og fáðu tíma í heyrnargreiningu og jafnvel að prófa heyrnartæki. Þú veist ekki af hverju þú ert að missa fyrr en þú heyrir það.“



ReSound heyrnartækin eru haganlega gerð og þægileg.



# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki




SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

## Húsbílar





Ford Capron A 361 Árgerð 2010 Ekinn 123.þús Verð: 4250.000.- S. 776 7600





Ford Capron A361 Árgerð 2011 Ekinn : 145000 Verð: 4.750.000.- S. 776 7600

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil og bolla, tek heim eða símaspá frá kl.14. Góð reynsla. Trúnaður. Kristin s. 897 9002

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# GÓÐIR Í HAUST!




**SKODA Kodiaq 4x4 ambition** . Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 6.290.000.**til afhendingar strax Rnr.116026.



**SKODA Superb 4x4.** Árgerð 2016, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.590.000.** Rnr.212574.




**SKODA Octavia 1600 4x4.** Árgerð 2016, ekinn 62 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Ásett verð 3.790 Tilboðsverð 3.290.000.** Rnr.340519.



**KIA Ceed lx.** Árgerð 2015, ekinn 68 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 1.690.000.** Rnr.212583.



**TOYOTA Hilux lx** . Árgerð 2015, ekinn 37 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 4.250.000.** Rnr.115973.




**MERCEDES-BENZ Cla 220 cdi.** Árgerð 2015, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.**Ásett verð 5.280 Tilboð 4.890.000.** Rnr.212525.



**TOYOTA Yaris active ssk** . Árgerð 2016, ekinn 63 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.950.000.** Rnr.116036.



**KIA Rio ex.** Árgerð 2017, ekinn 17 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.650.000.** Rnr.212520.



**TOYOTA Yaris terra.** Árgerð 2012, ekinn 101 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.190.000.** Rnr.330691.



**NISSAN Qashqai.** Árgerð 2017, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.212543.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
**BÍLAHÖLLIN**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**



**LAND ROVER Range rover sport hse sdv6** 293 hö .22" felgur Árgerð 2014, ekinn 56 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. m /öllu **Verð 11.480.000.** Rnr.211931.




**TOYOTA Land cruiser** 150 gx 33" dekk. Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. 7 manna. **Ásett Verð 8.890.000.Tilboð 7.990.000** Rnr.212537.




**DODGE Ram 3500 laramie black I edition.** Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.6 manna **Verð 7.241.000.án vsk** Rnr.212516.

# Góð sala!

## Vantar nýlega bíla á staðinn. Úti og innisvæði.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

107 Rvk, 2 herb. 40m2. V. 150þ m raf/hita. F/ rólega: leiga.ibud.17@gmail.com

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, Kvöldvinna
**Uppl. í s. 833 8434**




**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Til leigu

**SÍÐUMÚLI - LEIGA**
**TIL LEIGU 2 RÚMGÓÐ SKRIFSTOFUHERB. Á BESTA STAÐ. GÓÐ SAMEIGN, NÆG BÍLASTÆÐI.**
**Upplýsingar í 822 4850 eða haukur@fastis.is**



**Atvinnuhúsnæði til leigu - Akralind 3**

* Stærð 639,7 + 248,2 = 887,9 m2
* Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
* 24 bílastæði
* Snyrtilegt hús og lóð.
* Vandaðar innréttingar.
* Góðar samgöngur út á stofnbraut.
* Tölvu og símalagnir.
* Þjófavarnakerfi og fjarstýrður bílskúr.

Nánari upplýsingar veitir Einar s: 8633710.
Fleiri myndir aðgengilegar á www.medico.is

## Til leigu

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**TIL LEIGU**
**300 fm. hæð við Eyjarslóð 7, 101 Rvk.**







Glæsileg og mikið standsett efri hæð tilvalin fyrir flott fyrirtæki í langtímaleigu. Húsið er staðsett við sjávargarðinn í Örfirsey. **Nánari uppl. veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. leigumiðlari í s: 8249098 eða hilmar@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## Atvinna

**SÖLUMAÐUR**
**SÖLUMAÐUR ÓSKAST Í HÚSGAGNADEILD OKKAR Á SMÁRATORGI**
**Leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi í húsgagnadeildina okkar. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**



Spennandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.
**Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila.**

Áhugasamir hafið samband við Smára 842-8065
smari.hauksson@rfl.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. ágúst 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. september 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg. Í breytingunni felst að rífa eldri byggingu að Smiðjustíg 10 og byggja nýtt íbúðarhús með vinnustofum og íbúðum, minnka byggingarreit á suðvesturhluta lóðar við Danska sendiráðið en viðbótar byggingarreitur bætist við austast á lóð, stækka byggingarreit á lóð Klapparstíg 16 til suðurs og flytja samþykkt viðbótabyggingarmagn á lóð Smiðjustíg 10 yfir á lóðina að Klapparstíg 16. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hafnarstræti 18
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. september 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni sem felst í að lyfta núverandi húsi upp um 90 cm, byggja kjallara undir það og nýja viðbyggingu sunnan við húsið, kjallari og tvær hæðir. Þá fellst breytingin einnig í því að skúrar sem byggðir eru á baklóð verði rifnir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Haðaland 26, Fossvogsskóli
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. september 2017 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla. Í breytingunni felst að koma fyrir nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Snorrabraut 54
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. september 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. september 2017 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að gera nýbyggingu á lóð með verslun og þjónustu á jarðhæð og í kjallara og hótel á efri hæðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 27. september 2017 til og með 8. nóvember 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 8. nóvember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 27. september 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Vefverslun og erlendir risar



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Konur nýta sér þjónustu erlendra vefverslana 20% oftar en karlar en fyrir helmingi lægri upphæð í hvert skipti.

Það kemur ýmislegt áhugavert í ljós þegar rótað er í gögnum um erlenda vefverslun Íslendinga. Vegna minna vöruúrvals í heimabyggð mættum við kannski eiga von á að íbúar landsbyggðarinnar sýndu Ali Express, Amazon og fleiri vefverslunum meiri áhuga en við sem búum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti eru viðskiptin helmingi minni á landsbyggðinni.

Þetta er meðal þess sem Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka, ræddi á fjármálaþingi bankans í gær. Tilefnið var þær miklu breytingar sem eru að verða á smásölumarkaði. Við höfum öll tekið eftir auknum áhuga erlendra verslunarrisa á landinu en á sama tíma má segja að vefverslun sé loksins að verða almenn. 79% þátttakenda í könnun Gallup í vor sögðust hafa verslað á netinu undanfarið ár. Erlend velta hefur tvöfaldast frá árinu 2014 og kemur eflaust til með að aukast enn frekar eftir því sem tækninni fleygir fram. Þetta gerist þrátt fyrir tolla og háan flutningskostnað.

Það er herjað á íslenska smásöluaðila úr tveimur áttum í einu og breytingarnar gerast á ógnarhraða. Viðbrögðin hafa meðal annars verið tilraunir (sem ýmist tókust eða ekki) til sameininga og hagræðingar en í einhverjum tilvikum hefur samkeppnislöggjöf gert aðilum erfitt um vik.

Viðskiptaráð Íslands hittir naglann á höfuðið í nýlegri umsögn sinni sem ber heitið Samkeppni í breyttri heimsmynd. Þar er lögð áhersla á að samkeppnisyfirvöld taki tillit til stærðar erlendra aðila sem koma inn á okkar litla örmarkað og viðurkenni vefverslun sem hluta innlends markaðar. Samkeppnin er orðin alþjóðleg og nær inn á mun fleiri svið en matvöru, eldsneyti og föt, sem hvað mest hafa verið í umræðunni. Samkeppnisaðilar Icelandair eru fleiri en íslenska flugfélagið WOW. 365 lítur eflaust ekki síður til Netflix, Hulu og Amazon en Símans og RÚV þegar bitist er um markaðshlutdeild. Þessi nýi heimur er kominn til að vera og erlendir samkeppnisaðilar sem búa við allt aðra stærðarhagkvæmni og fjárhagslegt umhverfi eru komnir niður úr stúkunni og farnir að taka aukinn og áberandi þátt í leiknum.

Leikurinn þarf að vera sanngjarn. Vonandi ber framtíðin í skauti sér lægri innflutningskostnað, skilvirkari póstsendingar, meiri erlenda fjárfestingu og aukna vefverslun. Íslensk fyrirtæki þurfa að aðlagast þessum breytingum en það sama má segja um regluramma stjórnvalda.



**Helga Þórisdóttir hefur gegnt starfi forstjóra Persónuverndar frá árinu 2015 en fyrirséð er að starfsemi stofnunarinnar taki miklum stakkaskiptum á komandi misserum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Notar ekki öpp og þykir fátt betra en breskir sakamálaþættir

## Svipmynd
**Helga Þórisdóttir**

Helga Þórisdóttir hefur gegnt starfi forstjóra Persónuverndar frá árinu 2015 en fyrirséð er að starfsemi stofnunarinnar taki miklum stakkaskiptum á komandi misserum. Á næsta ári er áætlað að innleiða í íslenskan rétt umfangsmiklar breytingar á persónuverndarlöggjöfinni sem á eftir að hafa veruleg áhrif á öll þau fyrirtæki sem vinna með persónuupplýsingar. Helga situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Það er tvennt. Annars vegar að gögn séu nú talin verðmætari en olía og svo hitt að lesa um það í greininni „The Data That Turned the World Upside Down“, eftir Hannes Grassegger og Mikael Krogerus, hvernig samfélagsmiðlar hafa verið notaðir af utanaðkomandi aðilum til að greina persónuleika fólks og þannig orðið að leiksoppum þeirra sem hafa vald yfir gögnum og persónuupplýsingum, samanber niðurstöður forsetakosninganna í Bandaríkjunum og Brexit-kosninganna í Bretlandi.

> **Að starfa sem forstjóri Persónuverndar er mest krefjandi en að sama skapi áhugaverðasta viðfangsefnið sem ég hef tekist á hendur hingað til.**

*Hvaða app notarðu mest?* Ef frá er talið Google Maps, þá nota ég ekki öpp. Ég lifi eftir þeirri leiðbeiningu að maður eigi að þekkja kerfin sem maður notar. Með uppgangi gervigreindar og notkun hennar á gríðargögnum (e. big data), þá hef ég ekki enn skilið til fulls hvernig persónuupplýsingar eru notaðar og rýndar í flestum þeim öppum sem boðið er upp á – og þess vegna nota ég þau ekki.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Við erum fimm í fjölskyldunni – sex með öldruðum hundi – og best þykir mér nú að hafa fólkið mitt í kringum mig eða bjóða fjölskyldunni og góðum vinum í mat. Það verður að segjast eins og er að með þokkalega stórt heimili og meira en nóg að gera í vinnunni, þá eru frístundirnar fáar, en þegar þær gefast þá er líka fátt betra en breskir sakamálaþættir.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Með því að fara seint og jafnvel ekki í hádegismat og gera upp húsnæði á milli þess sem hundurinn bjargar mér með hundagöngum. En svona án gríns, þá er hægt að fara ansi langt á bláberjaskyri og ristaðri brauðsneið auk þess sem góður taktur hefur alltaf fengið mig til að hreyfa mig.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég er hrifin af nær allri tónlist frá sinfóníu til R&B – ef frá er talið þungarokk og rokk. Ég er alin upp með Abba og Boney M og get vel raulað með þeim enn þá. Þeir sem klikka aldrei eru George Michael, Paolo Conte, Carla Bruni – og ótrúlega margir nýir flottir íslenskir, og svo gamlir og góðir eins og Nýdönsk og Mezzoforte – þvílíkir afmælistónleikar um daginn.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Að starfa sem forstjóri Persónuverndar er mest krefjandi en að sama skapi áhugaverðasta viðfangsefnið sem ég hef tekist á hendur hingað til. Útgangspunkturinn hjá okkur er að standa vörð um mannréttindi og grundvallarréttindi einstaklinga þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga. Það er mjög auðvelt að láta það viðfangsefni fanga sig á tímum tæknibyltingar.



# Skotsilfur

## Stokkað upp



**Sigurður Hannesson** var ekki lengi að láta til sín taka hjá Samtökum iðnaðarins (SI). Tæplega tveimur mánuðum eftir að Sigurður tók við starfi framkvæmdastjóra hefur hann hrundið af stað verulegum skipulags- og áherslubreytingum í starfsemi samtakanna. Allir sem til þekkja vita að þær voru nauðsynlegar – og þó fyrr hefði verið. Breytingar hafa orðið á starfsliði SI vegna þessa og talsvert af nýju fólki mun bætast við á næstunni í stað þeirra sem eru á útleið. Með þessu þykir Sigurður hafa sýnt að hann muni láta verkin tala og ekki veigra sér við að taka erfiðar ákvarðanir í því skyni að styrkja samtökin.

## Minnka hlut sinn



Litlar breytingar urðu á hluthafahópi Kviku eftir að hlutafé bankans var aukið um daginn. Eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu Guðnýjar, Eggerts, Halldórs og **Gunnars Þórs** Gíslabarna, minnkaði hlut sinn í bankanum úr 5 í 4,12 prósent, en fyrr í sumar seldi félagið 3,3 prósenta hlut til Hjörleifs Jakobssonar, fjárfestis og fyrrverandi stjórnarmanns í Kaupþingi. Þá bætti VÍS lítillega við hlut sinn í bankanum og á nú 25,11 prósenta hlut og er sem fyrr stærsti hluthafi Kviku. Eftirlitsstjórnvöld lögðu nýverið blessun sína yfir kaup Kviku á Virðingu.

## Ekki norður



**Steve Pappas,** aðstoðarforstjóri Costco í Evrópu, þvertók fyrir það á fjármálaþingi Íslandsbanka í gær að heildsölurisinn hefði hug á því að opna verslun á Akureyri. Þrálátur orðrómur hefur verið uppi síðustu vikur um að Costco sé að íhuga að opna verslun nyrðra og var Pappas sérstaklega spurður út í þennan orðróm. Hann tók fram að markaðurinn á Akureyri væri afar smár í sniðum og eins og sakir stæðu væru afar litlar líkur á því að Costco legði leið sína þangað. Fyrirtækið myndi frekar skoða aðrar leiðir til þess að koma vörum sínum til Akureyrar.

# Olíuverð hækkar á ný



Heimsmarkaðsverð á olíu hefur um þessar mundir ekki verið hærra í liðlega tvö ár. Aukin eftirspurn og áhyggjur fjárfesta af þróun alþjóðastjórnmála skýra hækkanirnar að mati greinenda, en auk þess eru vísbendingar um að áhrifa af samkomulagi ríkja innan OPEC, samtaka stærstu olíuframleiðsluríkja heims, um að draga úr framleiðslu sé farið að gæta í verði. Búast má við frekari verðhækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stafræn straumhvörf



**Katrín Júlíusdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Áhrif nýrra tæknilausna á fjármálamarkaði eru mikil og fyrirtæki sem nýta sér svokallaða fjártækni og tryggingatækni (e. Fintech, Insurtech) veita nú hefðbundnum bönkum og fjármálafyrirtækjum samkeppni þegar kemur að lánastarfsemi, verðbréfaviðskiptum og tryggingaþjónustu. Margir spá að straumhvörf séu fram undan vegna þessarar þróunar og fjármálakerfið muni taka stakkaskiptum á næstu árum.

Þróunin er knúin áfram af fyrirtækjum sem nýta sér tækni á borð við bálkakeðjur (e. blockchain) og aðra umbreytingatækni til að svara kalli um aðgengilegri og hraðari þjónustu frá hinum stafrænu kynslóðum. Þetta eru sjaldnast fjármálafyrirtæki í lagalegum skilningi og fæst því eftirlitsskyld: samt sem áður bjóða þau oft á tíðum sömu þjónustu og eiginleg fjármálafyrirtæki og eru í beinni samkeppni við þau.

**Samkeppni og skilvirkni**
Grundvallarhlutverk fjármálafyrirtækja er að sinna miðlunarhlutverki í hagkerfinu: umbreyta sparnaði í fjárfestingu og dreifa áhættu. Sú staðreynd að fjárfest hefur verið í fjártæknifyrirtækjum fyrir meira en 100 milljarða Bandaríkjadala á undanförnum árum bendir sterklega til að þessu grundvallarhlutverki verði ekki eingöngu sinnt af bönkum, verðbréfafyrirtækjum og -sjóðum og tryggingafélögum í framtíðinni. Þeirri þróun ber að fagna, enda mun hún að öllum líkindum gera fjármálamarkað skilvirkari, lækka viðskiptakostnað og auka hagræði fyrir viðskiptavinina.

Hefðbundin fjármálafyrirtæki taka virkan þátt í þessari þróun og eiga annaðhvort í samstarfi við fjártæknifyrirtæki og/eða eru að þróast sem slík sjálf. En það er kostnaðarsamt. Talið er að evrópskir bankar muni verja um 50 milljörðum dala í nýja fjárfestingu í upplýsingatækni til að laga sig að samkeppni úr nýjum áttum.

**Þjónusta þvert á landamæri**
Vísbendingar eru um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins geri sér grein fyrir að fjártækni muni umbreyta hinum sameiginlega markaði og að nauðsynlegt sé að gera bönkum kleift að nýta sér þau tækifæri sem hún kemur til með að skapa, til dæmis þegar kemur að auknu aðgengi fólks að fjármálaþjónustu þvert á landamæri. Það kunni að vera nauðsynleg forsenda þess að markmið ESB um sameiginlegan fjármagnsmarkað náist (e. Capital Markets Union).

Þannig hefur framkvæmdastjórnin tekið til skoðunar breytingar á reglum í þá veru að kaup fjármálafyrirtækja á hugbúnaði skilgreinist sem fjárfesting fremur en rekstrarkostnaður. Um helmingur kostnaðar evrópskra banka vegna upplýsingatækni er tilkominn vegna kaupa á hugbúnaði og slík breyting myndi leiða til þess að fjárbinding þeirra myndi minnka um 20 milljarða evra á ári hverju. Slík breyting myndi efla samkeppni á fjármálamarkaði enn frekar og gera fjármálafyrirtæki betur í stakk búin til að nýta möguleika fjármálatækninnar neytendum til hagsbóta.

Þá er einnig rætt um að endurskoða þurfi reglur um breytileg starfskjör. Engar takmarkanir eru á slíkum greiðslum hjá starfsmönnum fjártæknifyrirtækja á meðan strangar reglur gilda um slíkt hjá fjármálafyrirtækjum.

**Framtíðarskipan fjármálakerfisins**
Miklar breytingar eru að eiga sér stað á fjármálamarkaði og vafalaust verður þróunin það hröð að umhverfi fjármálaþjónustu taki stakkaskiptum næsta áratuginn. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa á hinum sameiginlega evrópska markaði og þessar breytingar munu einnig hafa mikil áhrif hér á landi. Framtíðarskipan fjármálakerfisins er reglulega rædd á hinum pólitíska vettvangi. Það er ekki síst tilkomið vegna þeirrar staðreyndar að umsvif ríkisins á fjármálamarkaði hér á landi eru verulega mikil í hinu evrópska samhengi. En það er ekki nóg að ræða einungis um stærð eignarhluta ríkisins til framtíðar litið. Þessi umræða verður að byggja á grunni þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað á fjármálamörkuðum og leitast verður við að svara spurningum um; hvað þurfi að gera til þess að íslensk fjármálafyrirtæki fullnýti þau tækifæri sem eru að skapast með örum tæknibreytingum og íslenskir neytendur fái þannig aðgang að hagkvæmari fjármálaþjónustu sem þessar breytingar geta leitt af sér.

# Umheimur á hröðu breytingaskeiði



**Guðmunda Smáradóttir**
formaður Opna háskólans í HR og FKA-félagskona

Umheimurinn er að fara í gegnum eitt magnaðasta og hraðasta breytingaskeið sögunnar. Nýsköpun og tækni eru og verða lykilorð þessa umbreytingatímabils. Í þessu samhengi er oft talað um fjórðu iðnbyltinguna sem mun bylta vinnumarkaðnum eins og við þekkjum hann á komandi árum. Stór hluti þeirra starfa sem við þekkjum í dag mun breytast, jafnvel hverfa, og ný störf verða til.

Tækifærin sem munu skapast við þessa umbreytingu eru mikil, en erum við sem samfélag tilbúin til að takast á við þessa áskorun? Við þessi tímamót sannast hið fornkveðna að „mennt er máttur“. Í menntun felast tækifæri til að bregðast við hinu óþekkta og skapa ný tækifæri. Menntun í tækni og nýsköpun þarf að færast ofar á forgangslistann á öllum menntastigum og áhugavert væri að sjá meira samstarf og gegnsæi á milli ólíkra menntastiga.

**Forskot sem skiptir sköpum**
Nýsköpun felst í hnotskurn í að skapa eitthvað nýtt eða endurbæta eitthvað sem þegar er til staðar. Á þetta jafnt við menntastofnanir og atvinnulífið í heild. Geta skipulagsheilda til nýsköpunar er mikilvægt samkeppnisforskot og skiptir sköpum í því hvort fyrirtæki og stofnanir lifi af í síbreytilegu umhverfi. Þverfagleiki, sköpunargleði og hæfni til að starfa í teymi með ólíkum einstaklingum eru jafnframt veigamikil atriði í þessu samhengi. Mikilvægt er að áhersla á tækni og nýsköpun verði samofin í menntakerfið frá upphafi skólagöngu og í gegnum allt lífið.

**Menntun í tækni og nýsköpun þarf að færast ofar á forgangslistann á öllum menntastigum og áhugavert væri að sjá meira samstarf og gegnsæi á milli ólíkra menntastiga.**

Lærdómur og skapandi hugsun ætti að verða lífsstíll, eitthvað sem endar aldrei þannig að við séum sífellt í stakk búin til þess að aðlagast breyttu umhverfi og takast á við nýjar áskoranir í lífi og starfi.

hp
keep reinventing

# Við kynnum nýja kynslóð A3 fjölnotaprentara!



## Öruggir. Skilvirkir. Í lit.

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýja HP fjölnota prentaranum sem gjörbyltir prentiðnaðinum með lágum kostnaði per prentaða blaðsíðu. Nýju HP fjölnotaprentararnir státa af framúrskarandi öryggi, hámarka notkunartíma og tryggja sem besta framleiðni.

### Öryggi

Vertu tilbúinn í ný lög á sviði persónuverndar með prentlausn sem er á verði allan sólahringinn. Sjálfvirkt eftirlit og öryggi í rauntíma (WIP).

### Skilvirkni

Meiri afköst, hraðvirkari útprentun, ódýrari rekstur og umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.

### Í lit

Björt og skýr lita- eða svart/hvít útprentun með lægri kostnaði á blaðsíðu.

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

VERT.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. september 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Markaðsyfirráð

Sú ákvörðun samgönguyfirvalda í London að draga starfsleyfi Uber til baka hefur vakið mikla athygli. Flestir eru á því að yfirvöld hafi gengið fram af miklu offorsi, og þegar þetta er ritað hafa safnast hátt í milljón undirskriftir Uber til stuðnings.

Hrifning fólks á Uber er skiljanleg. Þjónustan er langtum betri en hefðbundnir leigubílar geta veitt og notendaviðmótið með miklum ágætum. Ekki spillir heldur fyrir að Uber er starfrækt í flestum stórborgum í heiminum og ekki amalegt að geta gengið að þjónustunni vísri á ferðum sínum. Uber er af þeim sökum, ásamt félögum á borð við Netflix, Facebook og Google, eitt af þessum fyrirtækjum sem eru að taka heiminn yfir með nýja tækni að vopni. Því má hins vegar ekki gleyma að þessum hnattrænu risum fylgja ýmsir fylgikvillar.

